


# Starfsemi Hafrannsóknastofnunarinnar 2009



Ljósátan augnsfli (Hermann Einarsson)



HAFRANNSÓKNASTOFNUNIN  
febrúar 2009



**EFNISYFIRLIT**

<b>EFNISYFIRLIT</b> .....	<b>3</b>
<b>FORMÁLI</b> .....	<b>5</b>
<b>STARFSEMIN ÁRIÐ 2009</b> .....	<b>7</b>
RANNSÓKNASTARFSEMI.....	7
Sjó- og vistfræðisvið .....	7
Nytjastofnasvið .....	11
Veiðiráðgjafarsvið .....	19
STÖÐDEILDIR .....	21
Bókasafn .....	21
Tæknideild .....	21
Útibú og tilraunaeldisstöð .....	22
ÖNNUR STARFSEMI .....	27
Samstarfshópar um eflingu stofnrannsóknna .....	27
Kynningarmál.....	27
Námsverkefni .....	28
Sjávarútvegsskóli Háskóla Sameinuðu þjóðanna .....	29
REKSTRARYFIRLIT .....	32
STJÓRN OG STARFSMENN .....	33
RANNSÓKNA- OG VERKÁÆTLANIR SEM UNNÐ VAR AÐ ÁRIÐ 2009.....	37
LEIÐANGRAR ÁRIÐ 2009 .....	41
HRYGNING ÞORSKS VIÐ AUSTUR GRÆNLAND .....	41
RITASKRÁ .....	45
ÉRINDI, VEGGSPJÖLD, ÁGRIP .....	52
FUNDIR, RÁÐSTEFNUR, KYNNISFERÐIR .....	61
MÁLSTOFA HAFRANNSÓKNASTOFNUNARINNAR .....	66
ÚTGEFIÐ EFNI .....	66
Fjölrit Hafrannsóknastofnunarinnar .....	66
Önnur rit.....	66



## FORMÁLI

Með þessari skýrslu er ráðuneyti í tíunda sinn skilað formlegu yfirliti um starfsemi liðins árs og starfsáætlun næsta árs, sem ætlað er að varða veginn í starfsemi Hafrannsóknastofnunarinnar. Í fyrri og megin hluta skýrslunnar er að finna ítarlega samantekt um rannsóknastarfsemina á árinu 2009 eftir þremur megin rannsóknarsviðum stofnunarinnar, tveimur stoðdeildum og útibúum. Þá er rekstraryfirlit fyrir árið 2009 í sérstökum kafla, fjallað um árangur í samhengi við helstu starfsmarkmið og gerð grein fyrir námsverkefnum, samstarfs- og kynningarmálum. Að síðustu er ítarlegt yfirlit um starfsemi Sjávarútvegsskóla Háskóla Sameinuðu þjóðanna, en hann er rekinn í umsjón stofnunarinnar samkvæmt sérstökum samningi við utanríkisráðuneyti og Háskóla Sameinuðu þjóðanna í Tókýó. Í viðaukum er að finna nánari upplýsingar um leiðangra, rit og erindi starfsmanna stofnunarinnar á árinu 2009.

Samkvæmt rekstrarreikningi ársins 2009 (dags. 26.01.2010) voru heildargjöld á árinu 2009 2.424 millj. kr., eða um 29 milljónum hærrí en ráðgert var í rekstraráætlun. Tekjur urðu 112 millj. kr. hærrí en áætlað var, eða 904 milljónir í stað 792 milljóna í rekstraráætlun ársins. Mismunur gjalda og tekna er þannig 83 millj. kr. hagstæðari en gert var ráð fyrir, 1.520 millj. kr. í stað 1.603 millj. kr. Mismuninn má rekja fyrst og fremst til aukinna tekna vegna útleigu skipa og sparnaðarráðstafana sem gripið var til á árinu. Á móti þessu kemur aukið úthald rannsóknaskipanna vegna loðnurannsókna en 30 millj. kr. aukafjárveiting fékkst vegna þess úthalds. Fjárheimild ársins 2009 var 1.514 millj. kr. eða 37 millj. kr. lægri en mismunur gjalda og tekna. Að teknu tilliti til 50 millj. kr. fjárveitingar vegna stofnmælingar botnfiska sem færast til ársins 2010, 20 millj. kr. færslu á verkefnum Sjávarútvegsskóla Háskóla Sameinuðu þjóðanna og 14 millj. kr. verkefnis vegna gulldeplurannsókna sem færast frá árinu 2009 til 2010, er útkoma ársins 2009 jákvæð um 61 millj. kr.

Á árinu 2009 lækkaði fjárlagarammi stofnunarinnar um 40,5 millj. kr. frá fyrra ári, 22 millj. kr. framlag vegna breytinga á húsnæði féll niður, 19 millj. kr. lækkun var á framlagi til rannsókna á Drekasvæði og 8 millj. kr. framlag til hvalatalninga féll niður. Á móti kom 8,5 millj. kr. framlag til að efla rannsóknir á lífríki sjávar í samstarfi við BíoPól á Skagaströnd.

Á árinu 2009 var úthald rannsóknaskipa stofnunarinnar sem hér segir:

Árni Friðriksson RE 200 - 226 dagar,

Bjarni Sæmundsson RE 30 - 164 dagar.

Í viðauka kemur fram hve umfangsmikið kynningarstarf á niðurstöðum rannsókna er unnið af starfsmönnum stofnunarinnar, en alls er þar að finna 90 titla greina og skýrslna, þar af 41 í ritryndum vísindaritum, 17 í ýmsum fræðiritum, 27 rannsóknaskýrslur auk 5 annarra greina um haf- og fiskifræðileg málefni.

Líkt og undanfarin ár tók Hafrannsóknastofnunin á árinu 2009 virkan þátt í starfsemi nokkurra fjölþjóðasamtaka á sviði haf- og fiskifræði. Mikilvægast í þessu samstarfi er þátttaka í starfi Alþjóðahafrannsóknaráðsins (ICES), en einnig má nefna Norðaustur- og Norðvestur-Atlantshafs fiskveiðinefndirnar (NEAFC og NAFO), Norður-Atlantshafs sjávarspendýraráðið (NAMMCO), Alþjóðahvalveiðiráðið (IWC) og Alþjóða-túnfiskverndarráðið (ICCAT). Þátttöku í vinnufundum þessara stofnana tengjast yfirlétt skýrsluskil og/eða samantekt og kynning á niðurstöðum sem varða rannsóknir og ráðgjöf á vegum stofnunarinnar. Þá tók stofnunin þátt í nokkrum alþjóðlegum samstarfsverkefnum, m.a. á vegum Evrópusambandsins (ESB). Stofnunin hefur á undanförunum árum notið umtalsverðra styrkja frá rannsóknáætlunum ESB og var svo einnig á árinu

2009. Óhætt er að segja að þetta fjölþjóðlega samstarf krefjist skilvirkni og setji stofnuninni ströng markmið sem standast verða alþjóðleg viðmið.

Reykjavík, 26. janúar 2010

Jóhann Sigurjónsson

## STARFSEMIN ÁRIÐ 2009

### Rannsóknastarfsemi

#### Sjó- og vistfræðisvið

##### Almenn starfssemi

Alls var unnið að um 35 skilgreindum verkefnum á sjó- og vistfræðisviði á árinu 2009. Viðamestu verkefni tengdust árlegri vöktun á ástandi sjávar og svífsamfélaga í hafinu umhverfis landið. Niðurstöður þeirrar vöktunar eru birtar í árlegri skýrslu um vistfræði sjávar í ritröð stofnunarinnar. Á árinu var unnið að fjórum fjölþjóðlegum samstarfsverkefnum sem styrkt eru af Evrópusambandinu. Eitt er um strauma í Norður-Atlantshafi, annað um kolefnisbindingu, það þriðja um súrnun sjávar og það fjórða um þýðingu kaldsjávarkórallasvæða fyrir afkomu fiska og vistfræði hafsins.

##### Jarðfræði hafsbotnsins

Hafsbotnsrannsóknir beindust sem fyrr að úrvinnslu fjölgeisladyptargagna. Í júní var gerður út leiðangur til að kortleggja hafsbotninn með fjölgeislaþéttmælingum. Þessu sinni var kannaður hafsbotninn á tveimur svæðum vestur af landinu. Í fyrri hluta leiðangursins voru kortlagðir 700 ferkílómetra í Nesdjúpi úti af Vestfjörðum þar sem eru miklar menjar eftir ísaldarjökla. Góð mæling fékkst á utanverðu svæðinu í landgrunnskantinum á milli Víkuráls og Hala og er nú komin samfelld tenging við eldri fjölgeislagögn í Grænlandssundi. Vegna veðurs tókst ekki að ljúka við áætlaða mælingu á grynri hluta svæðisins í Nesdjúpi en þess í stað var kortlagt í sjálfu Ísafjarðardjúpi og í Kolluál. Í síðari hluta leiðangursins voru svo kortlagðir um 2.000 ferkílómetrar á svokölluðu Keiludjúpi djúpt út af Faxaflóa. Líkur benda til þess að svokallaðar leirkeilur eða eðjueldfjöll (*mud volcanoes*) hafi þar fundist í fyrsta sinn hér við land. Fyrirbærin fundust á 900-1.300 metra dýpi við rætur landgrunnsins um 100 sjómílar vest-suðvestur af Snæfellsnesi. Keilurnar eru reglulegar að lögun, ýmist stakar eða samhangandi og mynda þá ílanga hryggi. Þær eru 40-200 metra háar. Á norðanverðu mælingasvæðinu, fannst einnig 450 metra hátt reglulega lagað fjall með tiltölulega flötum gíg á toppinum. Ekki er ljóst hvort þetta er eiginleg eldstöð eða leirkeila af stærri gerðinni. Fjallið er nánast smækkuð útgáfa af Herðubreið og hefur fengið heitið *Mardöll* eftir hinni björtu hafgyðju. Keilurnar hafa sömuleiðis fengið heiti sem vísa til lögunar þeirra eða stærðar. Alls voru kortlagðir um 2.700 ferkílómetrar af hafsbotninum í þetta sinn.

##### Eðlisfræði sjávar

Árstíðarbundnir leiðangrar voru farnir til þess að kanna ástand sjávar á árinu 2009. Í febrúar fóru athuganir fram á föstum stöðvum umhverfis land líkt og áður. Í vorleiðangri í maí og í ágústleiðangri var mælt á öllum staðalsniðum og í nóvember voru athuganir gerðar á ástandi sjávar umhverfis landið í tengslum við mælingar á loðnu.

Ástand sjávar á árinu 2009 einkenndist af því að sjávarhiti og selta í hlýsjónum suður og vestur af landinu voru fremur há líkt og undanfarin ár. Innflæði hlýsjávar inn á Norðurmið var töluvert og náði selturíkur hlýsjór austur fyrir Tröllaskaga. Hiti í efri lögum sjávar úti fyrir Norðurlandi var þó um eða undir meðallagi en seltan í efri lögum var yfir meðallagi. Á landgrunni úti fyrir Norð-Austurlandi og í Austur-Íslandsstraumi yfir landgrunnsahlíðum norðaustur af landinu voru hiti og selta um og yfir langtímameðaltali. Úti fyrir Austfjörðum voru sjávarhiti og selta í efri lögum sjávar um meðallag. Skil heita og kalda sjávarins suðaustanlands voru um Lónsdjúp upp við landið, en náðu norður fyrir Gerpi utar á landgrunninu.

Líkt og fyrri ár hélt samstarf áfram við aðrar stofnanir við Norður-Atlantshaf um mælingar á skipum Eimskipafélagsins, en þar hefur gögnum um hita, seltu, næringarefni og koldíoxíð verið safnað á siglingaleið milli Íslands og Norður-Ameríku.

Á árinu 2009 var áfram haldið straummælingum bæði í Grænlandssundi og á Hornbanka. Mælingar í Grænlandssundi miða að því að meta magn og breytileika flæðis djúpsjávar suður yfir

neðansjávarhrygginn vestan við landið. Þær tengjast mati á breytingum á hinni stóru hringrás heimshafanna. Á Hornbanka héldu áfram mælingar á flæði Atlantssjávar inn á Norðurmið og hafa þar eins og í Grænlandssundi safnast langar og afar dýrmætar tímaraðir. Á árinu voru einnig gerðar straumathuganir í Patreksfirði og Tálknafirði. Þar var komið fyrir tveimur straumlögnum auk þess sem straummælingar voru gerðar á sniðum í fjörðunum og hita- og seltumælinga þrisvar sinnum á árinu.

Hitamælingum á höfnum á 9 stöðum í kringum land var haldið áfram og niðurstöður settar á heimasíðu stofnunarinnar jafnharðan og þær komu í hús. Í Grímsey og í Reykjavík eru sjávarhitamælur tengdir sendum og eru mælingarnar þar birtar í rauntíma á heimasíðu Hafrannsóknastofnunarinnar.

### **Hafefnafræði**

Umfang rannsókna á næringarefnum var mikið eins og árið áður. Í febrúar voru næringarefni mæld á Faxaflóa vegna langtímatvöktunar á vetrarástandi í námunda við þéttbýli. Í vorleiðangri var að venju mældur styrkur næringarefna allt í kringum land í tengslum við rannsóknir á plöntusvifi og aðrar vistkerfisrannsóknir. Niðurstöður eru notaðar við úttekt á ástandi sjávar.

Allumfangsmiklar rannsóknir á vistfræði Breiðafjarðar hafa staðið yfir sl. þrjú ár í samvinnu við sjávarrannsóknastöðina Vör í Ólafsvík sem innifelur úttekt á næringarefnabúskap fjarðarins. Sýnatöklur fyrir það verkefni lauk árið 2009 og er nú verið að ljúka mælingum sýna og samantekt gagna um það verkefni. Sýnatöku í hliðstæðu verkefni um vistfræði Patreks- og Tálknafjarðar lauk einnig á árinu og er unnið að samantekt niðurstaðna þess verkefnis.

Rannsóknir á ólífrænu kolefni í sjó eru gerðar árlega djúpt vestur og norðaustur af landinu þessar mælingar hófust 1983 og eru nú orðnar einar lengstu samfelldu tímaraðir af þessu tagi í heimi. Þessar rannsóknir eru hluti af Evrópuverkefnum CARBOOCEAN IP (sem lauk á árinu) og EPOCA en aðalmarkmið þeirra er að gera úttekt á uppruna og afdrifum koldíoxíðs í hafinu annars vegar og súrnun sjávarins hins vegar.

### **Svifþörungur**

Útbreiðsla og framleiðniafköst svifþörungur voru könnuð í vorleiðangri í maí. Magn svifþörungur er metið með mælingum á blaðgrænu. Niðurstöður mælinga í vorleiðangri sýndu að talsverður gróður var í Faxaflóa, en takmörkun næringarefna farin að draga úr vextinum. Vestur af landinu og undan Norðvesturlandi var lítill gróður og lítið farið að ganga á styrk næringarefna. Hár styrkur næringarefna benti til að vorkoma gróðurs hafði ekki átt sér stað þar, ef undan eru skildar grynningar við landið. Undan Norðausturlandi og Austurlandi var vorhámarkið hins vegar að mestu yfirstaðið og mikill gróður enn norðantil, en farið að draga úr gróðri austur af landinu. Sunnan landsins var gróður í góðum vexti og miðað við styrk næringarefna var vorblóminn að mestu yfirstaðinn yfir landgrunninu

Vöktun á eitruðum svifþörungum var framkvæmd reglulega á 4 stöðum við landið eins og undanfarin ár, í Hvalfirði, 2 stöðum í Breiðafirði og í Eyjafirði. Verkefnið er samstarf Hafrannsóknastofnunarinnar, Matvælastofnunar, skelfiskveiðimanna og kræklingræktenda. Sýni tekin á fyrrnefndum stöðum eru skoðuð vikulega á tímabilinu frá apríl til októberloka. Á árinu 2009 var nokkrum sinnum varað við neyslu skelfisks vegna eittra þörungur, oftast í Hvalfirði. Einnig varð eitruþörungur vart alloft í Breiðafirði en það hefur ekki gerst áður þann tíma sem þörungur hafa verið vaktaðir þar. Niðurstöður vöktunarinnar voru kynntar jafnóðum á heimasíðu stofnunarinnar ([www.hafro.is/voktun](http://www.hafro.is/voktun)) til upplýsingar fyrir skelfiskneytendur og aðra sem gagn hafa af.

### **Botnþörungur**

Rannsóknir á útbreiðslu og tegundasamsetningu botnþörungur við strendur Íslands var haldið áfram á árinu. Verkefnið hluti af úttekt á botnþörungum í Norður-Atlantshafi og er unnið í samvinnu við Museum of Natural History í Lundúnum og Botanisk Museum í Kaupmannahöfn. Á árinu 2009 voru botnþörungur kannaðir í Surtsey. Í tengslum við þetta verkefni var áfram unnið að því að skrá upplýsingar um botnþörungur inn í gagnagrunn stofnunarinnar. Um er að ræða bæði þörungur sem safnað hefur verið á vegum Hafrannsóknastofnunarinnar og þörungur úr safni Náttúrufræðistofnunar Íslands og öðrum söfnum.



## Dýrasvíf

Magn og útbreiðsla átu var kannað í vorleiðangri. Þegar á heildina er litið var átumagn við landið í vorleiðangri undir langtímameðaltali. Þannig var áta talsvert undir meðallagi fyrir Vestur- og Norðurlandi. Hins vegar fannst að venju mikið af átu djúpt norðaustur af landinu, einkum stórum kaldsjárvartegundum. Fyrir austan var átumagn einnig heldur undir langtímameðaltali, en út af Suðurlandi fannst álíka magn og í meðalári. Séu niðurstöður um átu bornar saman við vorið 2008 kemur í ljós að á flestum stöðum var átumagn minna en þá.

Fylgst var með útbreiðslu átu í köntunum suður og austur af landinu og í Austurdjúpi í leiðangri í maí sem farinn var í tengslum við sameiginlegar síldarrannsóknir Íslendinga, Norðmanna, Færeyinga, Rússa og Evrópusambandsins í Noregshafi.

Á árinu 2008 eignaðist stofnunin svonefnda svífsjá (VPR, Video Plankton Recorder). Svífsjái tekur myndir af dýrasvífi í þekktu rúmmáli sjávar þannig að úrvinnsla myndefnisins gefur magnbundnar upplýsingar um dýrasvífið með mikilli upplausn. Svífsjái var í vorleiðangri 2009 notuð við athuganir á nákvæmri dreifingu dýrasvífs á Selvogsbanka í tengslum við umhverfisþætti.

Eins og undanfarin ár var átu safnað með svonefndum átuvísum á siglingaleið Eimskipafélags Íslands á milli Íslands og Skotlands. Þá var um mitt ár 2008 aftur byrjað að safna átu á sama hátt á siglingaleiðinni milli Íslands og Bandaríkjanna, en söfnun á þeirri leið hafði legið niðri í um eitt ár, vegna þess að Skógafoss, skip Eimskipafélagsins sem séð hafði um þessa söfnun, var selt og leiguskip sett inn í staðinn, en ekki þótti taka því að setja nauðsynlegan búnað um borð í það, enda gert ráð fyrir að það yrði aðeins tímabundið í þessum siglingum. Þessum rannsóknum er stjórnað af vísindamönnum við Alistair Hardy stofnuninni í Plymouth á Englandi, og þar fer úrvinnsla sýnanna alfarið fram.

## Botndýr

Árið 2003 hófst rannsókn á áhrifum vatnsþrýstiplógs á botndýralíf þar sem borin var saman samsetning og þéttleiki botndýra á þremur plægðum og þremur óplægðum svæðum. Lokasöfnun í verkefninu fór fram 2008. Úrvinnsla sýnanna er að mestu lokið. Þéttleiki flestra tegunda botndýra minnkaði töluvert við plægingu og allar kúfskeljar sem voru eftir í plógfarinu og voru skaddaðar af völdum plógsins drápu. Allar tegundir, að kúfskel undanskilinni, náðu svipuðum þéttleika og var fyrir rask, innan árs. Þéttleiki stærri kúfskelja (>10 mm) í plógförum eftir þau 5 ár sem rannsóknin stóð yfir var aðeins 37% af því sem hann var á öröskuðu botnseti. Fjöldi smærri skelja (<10 mm) fjölgaði hins vegar sem bendir til aukinnar nýliðunar. Á síðastliðnu ári var lokið við aldurgreiningar á kúfskeljum.

Kórallassvæði suðaustur af landinu voru kortlögð í leiðangri í júní. Kaldsjárvakóralar vaxa í breiðum á botni djúpt undan Suður- og Vesturströnd landsins. Innan um kóralgreinarnar lifir fjölskrúðugt lífríki hryggleysingja og fiska. Vegna þess hversu viðkvæmir kóralarnir eru fyrir raski og hve hægt þeir vaxa er talið brýnt að vernda þá fyrir hvers kyns röskun. Áður en farið var í leiðangurinn hafði tiltækum upplýsingum um útbreiðslu kaldsjárvakórala á svæðinu verið aflað meðal sjómanna. Staðfest var tilvist kóralrifja á nokkrum svæðum, þau kortlögð og í framhaldi af því hafa verið gerðar tillögur að friðum þessara svæða.

Á árinu 2008 hófust allviðamiklar rannsóknir á mikilvægi kóralbúsvæða fyrir fiskistofna en að verkefninu, sem styrkt er af Evrópusambandinu, standa 10 Evrópuþjóðir auk Íslendinga. Árið 2009 var farinn var leiðangur í júní þar sem beitt var bergmálstækni, ómönnuðum kafbáti með myndavélum og sýnatökubúnaði til að afla gagna um kóralssvæði undan suðurströndinni. Í júlí var farinn leiðangur þar sem fiskilína var lögð við kóralssvæði annars vegar og utan þess hins vegar til að bera saman þéttleika fiska á svæðunum. Fyrstu niðurstöður benda til að keila og að einhverju leyti ýsa og karfi sækir frekar í kóralssvæðin en önnur svæði í nágrenninu.

Sem liður í almennri upplýsingasöfnun um lífríki á fjörðum og grunnsvæðum umhverfis landið var safnað botndýrum til rannsókna í Patreksfirði og Tálknafirði. Unnið er að greiningu tegunda í sýnunum.

### Vistkerfi Íslandshafs

Verkefni til rannsókna á vistkerfi Íslandshafs var hleypt af stokkunum árið 2006. Helsta markmið þess var að rannsaka byggingu og virkni vistkerfis Íslandshafs og nálægra hafsvæða, með sérstöku tilliti til afkomu loðnustofnsins og þeirra breytinga sem orðið höfðu á lífsháttum þessa mikilvæga fiskstofns undangenginn áratug. Umfangsmikil gagnasöfnun fór fram 2006-2008. Jafnframt fór fram frumúrvinnsla gagna sem var fram haldið árið 2009 og er nú að mestu lokið. Einnig hefur verið unnið að rannsóknaskýrslu um verkefnið og verða helstu niðurstöður kynntar á ráðstefnu Hafrannsóknastofnunarinnar um Vistkerfi Íslandshafs 19. mars n.k.

Mjög umfangsmiklum vistfræðilegum gögnum var safnað í Íslandshafi þessi þrjú ár og munu þau væntanlega duga vel til að lýsa grunngerð vistkerfisins, með tilliti til byggingar þess og virkni, og leggja grunn að skipulegri vistfræðilegri vöktun þessa hafsvæðis á komandi árum. Þessi gögn taka til ástands sjávar, næringarefna, svifþörungna, átu og fæðukeðja.

Útbreiðsla og magn loðnu var mun takmarkaðra sumurin 2006-2008 en á fyrri árum loðnurannsókna. Lítið var um loðnuseiði nema í ágúst 2008 þegar talsvert var að finna í sunnanverðu Íslandshafi, einkum á Kolbeinseyjarhrygg og við djúpkantinn norðan lands og á Grænlenzka landgrunninu. Eins árs unglöðna fannst á svipuðum slóðum og loðnuseiði en í litlu magni. Eldri loðnu (mest tveggja ára og smávegis af þriggja ára) var helst að finna mun vestar, þ.e. við landsgrunnsbrún og á landgrunni Austur-Grænlands allt frá 70° N (ágúst 2007) suður á 36° V (júlí 2006), en í mjög takmörkuðu magni. Þessar niðurstöður eru til marks um að loðnustofninn hefur verið í lægð undanfarin ár.

Helsti annmarki þessara rannsókna er að mjög lítið fékkst af loðnu á gagnasöfnunartíma, vegna lélegs ástands stofnsins, og því safnaðist fremur takmarkaður efniviður til að meta vistfræðileg tengsl loðnustofnsins. Á þessu varð þó breyting hvað varðar loðnuárgang 2008, enda þótt ekki hafi reynst unnt að fylgja því eftir með frekari gagnasöfnun árin 2009-2010. Þessi árgangur gæti þó leitt til stækkandi loðnustofns á komandi árum, ef umhverfisaðstæður reynast hagstæðar, og þannig skapað grundvöll fyrir markvissari og umfangsmeiri gagnasöfnun um vistfræðileg tengsl loðnu en hingað til.

## Nytjastofnasvið

### Almenn starfsemi

Á árinu var unnið að um 75 rannsóknaverkefnum á nytjastofnasviði. Stór hluti þeirra eru langtímaverkefni sem tengjast mati á stofnstærð rúmlega 30 nytjastofna. Rannsóknir á ýmsum lífsháttum fjölmargra tegunda skipuðu einnig veglegan sess í rannsóknum á sviðinu. Þess skal getið að nokkur verkefni varðandi nytjastofna voru að mestu leyti framkvæmd á vegum útibúa stofnunarinnar og eru þau því tilgreind nánar síðar í skýrslunni.

Stór hluti vinnunnar á nytjastofnasviði tengist undirbúningi að úttekt á hinum ýmsu stofnum. Undirstöðupættir stofnmats eru lengdar- og þyngdarmælingar auk aldurslesninga. Á árinu 2009 voru alls um 1,5 milljónir fiska og um 130 þúsund hryggleysingar lengdarmældir af starfsmönnum stofnunarinnar og veiðieftirlitsmönnum Fiskistofu. Um 150 þúsund fiskar voru kvarnaðir eða safnað af hreistri til aldursákvæðana.

### Stofnstærðarrannsóknir

Að venju fóru stofnmælingar fram með ýmsum hætti, einkum þó veiðarfærum (botnfiskar og hryggleysingar) og með bergmálsaðferð (uppsjávarfiskar). Mikilvægur þáttur í rannsóknum á stofnstærð eru ennfremur gögn úr afladagbókum fiskiskipa um afla á sóknareiningu sem nýtt eru að meira eða minna leyti fyrir alla helstu nytjastofna. Slík gögn eru mikilvægust fyrir stofna sem erfitt er að aldursgreina eða þar sem gögn um aldursdreifingu afla eru ekki til staðar. Aldurs-afla reiknilíkön, tímaraðagreiningar og afraksturslíkön voru síðan notuð til að meta stærð nokkurra helstu nytjastofnanna.

### Stofnmælingar með veiðarfærum

#### *Botnfiskar*

Stærsta verkefnið var stofnmæling botnfiska að vori (SMB) sem fram fór í 25. sinn dagana 28. febrúar -20. mars. Stofnmælingin var framkvæmd af rannsóknaskipunum Árna Friðrikssyni og Bjarna Sæmundssyni og þremur togurum allt í kringum land, á tæplega 600 rallstöðvum. Auk þess fór fram samanburður á rs. Árna Friðrikssyni og togaranum Bjarti NK fyrir norðaustan land. Stofnmæling botnfiska beinist að því að meta með aukinni nákvæmni stærð og nýliðun fjölmargra botnlæggra fiskistofna og þannig skiptir verkefnið miklu varðandi aflaráðgjöf Hafrannsóknastofnunarinnar til stjórnvalda.

Á árinu lauk störfum faghópur fiskifræðinga og aðila í atvinnugreininni, sem skipaður var vegna tilmæla sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra til að fjalla um gagnrýni sem fram hefur komið á stofnmælingar. Faghópurinn skilaði í október lokaskýrslu til ráðherra, þar sem m.a. eru settar fram tillögur að úrbótum og framtíðarskipulagi stofnmælinganna. Í lokaskýrslunni er einkum fjallað um dreifingu togstöðva, áhrif breyttrar útbreiðslu fisktegunda, tímasetningu leiðangra og veiðarfæra- og skipamál.

Í apríl var gerð stofnmæling með netum (SMN) á fimm netabátum við Suður- og Vesturland og tveimur bátum norðan lands. Langtímamarkmið þessara rannsókna er að bæta mat á stærð og aldursamsetningu hrygningarstofns þorsks og fer stofnmælingin fram á svæðinu frá Breiðafirði suður um land að Eystra Horni auk sjö fjarða við Norður- og Norðausturland. Sýnatöku hefur einnig verið beint að ufsa í auknum mæli undanfarin ár. Í þessu verkefni hafa einnig aflast mikilsverðar upplýsingar um stærðarsamsetningu fisks í afla neta með mismunandi möskvastærð. Á árinu var jafnframt unnið að ýtarlegri úttekt á niðurstöðum verkefnisins og mun skýrslan verða birt í Fjölríti Hafrannsóknastofnunarinnar í ársbyrjun 2010.

Í júlí fór fram árleg könnun á skarkola og sandkola í Faxaflóa á dragnótabátum til að afla upplýsinga um aldursdreifingu og magn þessara tegunda í flóanum. Í humarleiðangri í maí, á svæðinu frá Jökuldjúpi austur í Lónsdjúp fást mikilvægar upplýsingar fyrir stofnmat á langlúru sem hefur svipaða útbreiðslu hér við land og humar, auk skrápflúru sem er mjög útbreidd á humarslóð.

Stofnmæling botnfiska að haustlagi (SMH) var farin í 14. sinn dagana 28. september til 28. október á rs. Árna Friðrikssyni og Bjarna Sæmundssyni. Í þessu verkefni voru teknar 397 togstöðvar, allt niður á 1500 metra dýpi. Lögð er áhersla á dýpri slóðir en gert er í stofnmælingu botnfiska í mars (SMB), með stofnmat á grálúðu og djúpkarfa að leiðarljósi (Árni Friðriksson) auk gullkarfa, þorsks og ýsu á grynri slóðum (Bjarni Sæmundsson).

### **Stofnar hryggleysingja**

Helstu stofnmælingar á hryggleysingjum eru stofnmat á úthafsækju og innfjarðastofnum rækju, auk humars og hörpudisks. Stofnmæling úthafsækju (SMR) fór fram á rs. Bjarna Sæmundssyni á tímabilinu 14. júlí til 28. júlí á svæðinu frá Vestfjarðamiðum og norður um til Austurmiða. Þessar rannsóknir veita mikilvægar upplýsingar um stofnstærð og nýliðun á öllu útbreiðslusvæði úthafsækju.

Stofnmæling innfjarðarækju fór fram á leiguskipi í Arnarfirði, Ísafjarðardjúpi og fjórum fjörðum norðan lands í september og október og þar að auki í febrúar í Arnarfirði. Stofnvísitala og nýliðun rækju var að venju metin eftir svæðum en einnig var kannaður fjöldi og útbreiðsla seiða og smáfisks af þorski og ýsu með tilliti til þess hvort veiðar gætu hafist. Í kjölfar könnunar voru rækjuveiðar leyfðar í Arnarfirði líkt og var árið 2008 eftir tveggja ára hlé. Í kjölfar rannsókna í Arnarfirði, um haustið, var lagður til hámarksafli veturinn 2009/2010. Ástand rækjustofna virðast enn í mikilli lægð.

Stutt könnun fór fram á leiguskipi við Snæfellsnes í lok maí og leiddi hún til opunar inn á Breiðafirði í mánuðunum maí til júlí. Stofnstærð var metin í Kolluál og Jökuldjúpi og virtist vera nálægt meðaltali miðað við langtímameðaltal.

Stofnmæling á humri var gerð í maí á leiguskipi fyrir sunnanverðu landinu, eða frá Jökuldjúpi austur í Lónsdjúp. Markmið þessa verkefnis er einkum að meta stofnvísitölu humars og nýliðun auk þess sem það rennir traustari stoðum undir sýnatöku úr humarafla eftir svæðum fyrir endanlegt stofnmat. Þessi rannsókn er einnig mjög mikilvæg fyrir stofnmat á langlúru sem hefur svipaða útbreiðslu hér við land og humar, auk skráplúru sem er mjög útbreidd á humarslóð.

Í október fór fram stofnmæling hörpudisks á leiguskipi í Breiðafirði. Mikilvægi rannsóknarinnar er einkum fólgið í upplýsingum um stofnvísitölur og nýliðun. Samkvæmt þeirri mælingu hefur hörpudisksstofninn í Breiðafirði minnkað um rúmlega 85% síðan í ársbyrjun 2000, sem rekja má til stóraukinna náttúrulegra dauðsfalla einkum í eldri hluta stofnsins. Allir árgangar frá árabílinu 2005-2008 eru lélegir en þó er 2008 árgangurinn þeirra skástur. Þannig er ekki gert ráð fyrir neinni umtalsverðri nýliðun í veiðistofninn á komandi árum. Gott klak og nýr álitlegur árgangur mun því byggjast á því að lítill en heilbrigður hrygningarstofn geti við hagstæð skilyrði gefið af sér góða nýliðun í náinni framtíð.

Ýmsar athuganir fóru fram á öðrum hryggleysingjum, m.a. voru gadda- og skessukrabbar að venju rannsakaðir í humarleiðangri í maí og smokkfisk- og krabbadýrategundir sem bárust stofnuninni greindar.

### **Uppsjávarfiskar**

Stofnmæling á íslensku sumargotssíldinni fyrir Austur-, Suður- og Vesturlandi fór fram í lok október og aftur um mánuði síðar. Rs. Dröfn annaðist mælingar á aðalútbreiðslusvæði stofnsins í innanverðum Breiðafirði en rs. Bjarni Sæmundsson ásamt fjölmörgum síldveiðiskipum önnuðust mælingar og umfangsmikla leit annars staðar. Líkt og á síðasta vetri mældist stærsti hluti hrygningarstofnsins í Kiðeyjarsundi og aðliggjandi svæðum í Breiðafirði en auk þess fannst síld í Breiðamerkurdjúpi og í litlu magni fyrir Suðurlandi og Garðskaga. Ekki var vart við neina síld út af Austfjörðum. Magn ungsíldar og sýkingarhlutfall í henni af völdum *Ichthyophonus hoferi* voru metin í bergmálsleiðangri á rs. Dröfn í nóvember. Farið var inn á fjölmarga firði og flóa Vestan- og Norðanlands frá Breiðafirði í Óxarfjörð í þeim tilgangi. Auk ofangreindra rannsókna fór fram bergmálsleiðangur á rs. Bjarna Sæmundssyni á hrygningarlóðir stofnsins í júlí og umfangsmikil sýnasöfnun úr afla með það megin markmið í báðum tilvikum að meta sýkingu í stofninum af völdum *Ichthyophonus hoferi* en þeirra rannsókna er getið í kaflanum „aðrar rannsóknir á fiskum, hryggleysingjum og sjófuglum”. Markmið

bergmálmælinga á síld hefur lengst af verið tvíþætt, þ.e. mæling á stærð veiðistofnsins annars vegar og hins vegar stærð uppvaðandi árganga með tilliti til væntanlegar nýliðunar í veiðistofninn. Hvort tveggja leggja svo grunn að mati á stærð stofnsins ásamt aflagögnum.

Magn og útbreiðsla kolmunna og norsk-íslensku síldarinnar innan íslenskrar lögsögu austur og norðaustur af landinu var rannsókuð á rs. Árna Friðrikssyni í maí. Mikilvægi þessara athugana felst einkum í því, að niðurstöður bergmálmælinga innan íslenskrar lögsögu eru hluti af ráðgjöf Alþjóðahafrannsóknaráðsins (ICES) um veiðar úr þessum stofnum. Einnig fást mikilvægar haf- og vistfræðilegar upplýsingar í þessum rannsóknum.

Leiðangrar sem beinast að kynþroska hluta loðnustofnsins, þ.e.a.s. veiðistofninum, eru farnir að hausti (október/nóvember) og/eða að vetri (janúar/febrúar). Tilgangur þeirra er að mæla stærð veiðistofnsins og ákvarða endanlegt aflagmark fyrir vertíðina. Þann 4. janúar 2009 lagði r/s Árni Friðriksson úr höfn í Reykjavík til þess að mæla veiðistofn loðnu fyrir Norður-, Norðaustur- og Austurlandi. Er skipið kom á slóðina fyrir Austurlandi höfðu 3 veiðiskip, sem útbúin eru sams konar bergmálmælum og hafrannsóknaskipin, þegar kannað gönguna fyrir Norðausturlandi og sent gögnin til Hafrannsóknastofnunarinnar. Útreikningar á þeirri mælingu gáfu um 215 þús. tonna veiðistofn. Í janúar og fram í byrjun febrúar mældi rannsóknaskipið gönguna þrisvar sinnum fyrir Austurlandi og gaf meðaltal tveggja hæstu mælinganna hrygningarstofn sem var um 357 þús. tonn. Í febrúar voru gerðar nokkrar tilraunir til að bergmálmæla stofninn við Suðaustur- og Suðurströndina. Þær mælingar voru allar lægri en mælingarnar sem gerðar voru fyrir Austurlandi.

Víðtæk og skipulögð loðnuleit átti sér stað í janúar og febrúar með samvinnu fiskiskipa og rannsóknaskipa. Leitað var bæði á hefðbundnum gönguslóðum hrygningarloðunnar fyrir Norðaustur- Austur- og Suðausturlandi og dýpra. Ennfremur var leitað á grunnunum fyrir Suðaustur- og Suðurlandi og utan landgrunnsbrúnar þar. Könnuð voru svæði fyrir Norðurlandi og Vestfjörðum í von um vestangöngu en í byrjun mars var öll von um nýjar göngur talin úti og leit því hætt.

Stofnmælingar á yngri hluta stofnsins, þ.e. 1-2 ára loðnu, voru gerðar á rs. Árna Friðrikssyni frá miðjum nóvember og fram til 15. desember. Mjög lítið fannst af 1-árs loðnu og eldri.

Í janúar og febrúar var farið í loðnuleit í samvinnu hafrannsóknaskipa og nokkurra loðnuskipa, en slík skipuleg samvinna hófst árið 2004 og hefur aukist verulega samhliða því að æ fleiri veiðiskip eru búin tækjum sem eru sambærileg mælitækjum rannsóknaskipanna. Aðalmarkmið bergmálmælinganna á loðnu er að afla upplýsinga um stærð veiðistofnsins og væntanlega nýliðun að ári. Stofnstærðarmælingar á loðnu hafa verið miklum erfiðleikum bundnar undanfarin ár sem m.a. er talið að rekja megi til breytinga á umhverfisaðstæðum vegna hækkunar á hitastigi sjávar.

Magn og útbreiðsla kolmunna við Suður- og Suðvesturland voru könnuð með bergmálmælingum í maí á rs. Árna Friðrikssyni. Í stórum dráttum var heildarstofninn mældur allt frá svæðinu djúpt undan Snæfellsnesi suður og austur fyrir land og að mörkum fiskveiðilögsögunnar suðaustur af landinu. Með þessu verkefni fást auk þess upplýsingar um göngur og nýliðun kolmunna á fyrsta ári, en lítið hefur hingað til verið vitað um árgangastyrk kolmunna fyrr en hann kemur inn í veiðistofninn.

Útbreiðsla makríls í íslenskri lögsögu var könnuð á rs. Árna Friðrikssyni og Hoffelli SU í ágúst. Í leiðangrinum fannst makríll á svæðinu frá Snæfellsnesi, norður um, allt að Kolbeinseyjarhrygg.

Rannsóknnum á sýkingu af völdum frumdýrsins *Ichthyophonus hoferi* í síld var haldið áfram það sem eftir var vertíðarinnar í janúar og febrúar. Að meðaltali voru 33% síldar úr afla veiðiskipa (nótaskipa) sýkt á vertíðinni 2008/2009 og hélst þetta hlutfall svo til óbreytt alla vertíðina. Í þeim síldum sem báru sníkjudýrið breyttist hins vegar eðli sýkingarinnar á þann hátt að hlutfall létt sýktra sílda lækkaði eftir því sem leið á vertíðina og í lok hennar var þessi flokkur nánast horfinn. Á sama tíma óx hlutfall mjög sýktra sílda.

Í júlí var farið í leiðangur á hrygningarstöðvar síldarinnar fyrir vestan og sunnan land með það að markmiði að meta sýkingarhlutfallið. Reyndist það vera að meðaltali um 30% og var hlutfallið lægst á austustu svæðunum. Þess ber að geta að síldin var veidd í flotvörpu, en slíkar veiðar geta ofmetið sýkingarhlutfall þar sem ósýkt síld er líklegri til að geta forðað sér frá veiðarfærinu en sýkt síld.

Sýnataka úr afla hófst aftur strax og vertíðin byrjaði haustið 2009. Eins og á síðasta ári var stærstur hluti veiðistofnsins í Breiðafirði. Sýking í síld í Breiðafirði var hærri haustið 2009 en hún hafði verið haustið 2008, um 44% að meðaltali í þeim sýnum sem unnin hafa verið til þessa. Til þess að reyna að átta sig betur á þróun sýkingarinnar, meðan síldin er í vetrarástandi, eru sýkt hjörtu nú flokkuð í fjóra flokka í stað tveggja eins og gert var á síðustu vertíð. Eftir þeim gögnum sem nú liggja fyrir virðist þróun sýkingarinnar síðastliðið haust hafa verið með sama hætti og haustið 2008, þ.e. hlutfall létt sýktra sílda minnkaði en hlutur meira sýktra sílda óx.

Þar sem útgefin aflaheimild fyrir síld var skert m.a. vegna sýkingarinnar, þá lauk vertíðinni um miðjan desember s.l. Til að hægt væri að halda áfram sýnatöku var gefinn út sérstök aflaheimild til þessara rannsókna og í samstarfi með útgerðarmönnum síldarskipa verður sýnatöku haldið áfram fram til loka febrúar 2010.

### Stofnstærðarlíkön

Mat á stærð og þróun nytjastofna byggir á ýmsum reiknilíkönum auk ofangreindra stofnmælinga á hafi úti, en gögn úr þeim leiðöngrum eru oft nauðsynlegur þáttur í reiknilíkönunum. Á árinu 2009 voru nokkur mismunandi aldurs-afla líkön þannig notuð við stofnmat á þorski, ýsu, ufsa, skarkola, langlúru, síld, kolmunna og humri, auk þess sem tímaraðagreiningum var beitt á stofna þorsks, ufsa og síldar.

Afraksturslíkön og þróun í lönduðum afla og afla á sóknareiningu úr afladagbókum fiskiskipa voru mikilvæg gögn fyrir stofnmat á gull- og djúpkarfa, grálúðu, skarkola, sandkola, steinbít, humri og rækju. Hvað varðar úthafs rækju var stofnmatið fjölstofnatengt með tilliti til stærðar þorskstofnsins á rækjusvæðinu og áts þorsks á rækju.

### Merkingar

Rúmlega 3300 þorskar og tæplega 950 ufsar voru merktar á árinu 2009. Auk þess voru tæplegar 2900 skarkolar merktir og 150 skötuselir. Endurheimtir voru alls 938 fiskar, þar af 223 þorskar 616 skarkolar og 64 ufsar. Auk þess endurheimtist 1 ýsa, þrír karfar og fjórir skötuselir. Erlend merki voru nokkur: Einn þorskur merktur við Noreg, 13 þorskar merktir við Grænland, einn háfur háfur merktur við Bandaríkin og 16 norsk síldarmerki.

### Veifarfararannsóknir

Unnið var að ýmsum verkefnum sem tengjast veiðarfærum á árinu. Rannsókn til að meta hvernig misstórir krókar með misstórri beitu veiddu við línuveiðar var framhaldið frá fyrra ári. Farnir voru sex rannsóknaleiðangrar á árinu og var sá síðasti í desember. Beitustærð hefur greinileg áhrif á stærðarval við línuveiðar en krókastærðir höfðu meiri áhrif á veiði í fjölda fiska en stærðarsamsetningu. Niðurstöður hafa verið kynntar bæði innanlands og erlendis.

Haldið var áfram með verkefni, styrkt af AVS rannsóknasjóði, sem nefnist „Aðlöðun og gildrun þorsks”. Markmið verkefnisins er að þróa gildrun til þorskveiða. Prófaðir hafa verið áhrifavaldar s.s. lykt og ljós, til þess að laða fisk að gildrum og atferli og viðbrögð fisks skoðuð með myndavélum. Á árinu var smíðuð bauja með ýmsum tækjabúnaði til að fylgjast með villtum fiski í sínu umhverfi. Baujan ásamt fylgibúnaði gerir mönnum kleift að fylgjast með atferli fiska við botn, t.d. við kyrstæð veiðarfæri og gildrun, í rauntíma yfir þráðlaust net í land. Búnaður þessi var prófaður í lok árs og reyndist vel þrátt fyrir ýmsa vankanta sem sníða þarf af fyrir framhald verkefnisins. Baujan var tekin í land í lok árs og verður frekari tilraunum framhaldið á vormánuðum 2010.

Áfram var unnið í verkefninu “Umhverfisvænar veiðar” sem styrkt er af AVS, Tækniþróunarsjóði og Iðnaðarráðuneytinu. Þá var áfram unnið að hönnun ljósavörpu, innkaupum tækjabúnaðar og smíði vörpunnar. Gert er ráð fyrir að frumgerð verði tilbúin í tilraunaveiðar síðla árs 2010.

Áframhald var á veiðarfærarannsóknnum tengdum humarveiðum sem hófust árið 2007. Rannsóknir þar sem markmiðið var að leita leiða til að minnka hlutfall smáýsu fóru fram í samstarfi við Skinney-Þinganes á Hornafirði og var unnið á Skinney SF 1, nýju togskipi fyrirtækisins. Dregnar voru tvær vörpur samsíða, tilraunavarpa og hefðbundin humarvarpa til samanburðar. Mismunandi útfærslur voru prófaðar, sem fólust í megindrátum í að fjarlægja leggglugga en nota þess í stað stærri möskva í yfirbyrði. Rannsóknirnar lofa góðu og tókst bæði að minnka hlutfall af smáýsu og smáhumar.

Í september var farinn leiðangur á Árna Friðikssyni til kjörhæfnimælinga á botnvörpu. Að þessu sinni var mælt hlutfall fisks sem sleppur undir grjóthoppa af algengri gerð. Rannsóknin var framkvæmd með því að festa þrjá poka undir vörpunna aftan við grjóthoppa sem fönguðu þann fisk sem undir vörpunna fór. Niðurstöður sýndu berlega að mikill munur er á hegðun fisktegunda í vörpuopi og sumar tegundir sýna stærðarháð „undanskot“. Oft á tíðum sleppur verulegur hluti fisks í vörpuopi undir vörpunna. Verið er að vinna úr niðurstöðum og verða þær kynntar á árinu 2010.

Hluti vinnu þeirra sem rannsaka veiðarfæri er að fylgja eftir viðhaldi veiðarfæra sem notuð eru við rannsóknir Hafrannsóknastofnunarinnar. Á árinu var unnið að því að móta þetta starf og setja vinnuferli í fastar skorður.

### Aðrar rannsóknir á fiskum, hryggleysingjum og sjófuglum

Allmargar sjaldséðar tegundir bárust til greiningar árið 2009, bæði úr leiðöngurum Hafrannsóknastofnunarinnar og frá fiskiskipum. Ein ný tegund veiddist innan íslenskrar fiskveiðilögsögu, en það er sléttgómur (*Einara edentula*). Einn fiskur þessarar tegundar veiddist í karfaleiðangri djúpt vestur af Reykjanesi (64°00' N, 27°38' V), en árið 2007 veiddist annar slíkur í karfaleiðangri suðaustur af Hvarfi á Grænlandi.

Líkt og undanfarin ár, fréttist af vogmær (*Trachipterus arcticus*) víða á fjörum við landið og einnig veiddist hún í ýmis veiðarfæri. Einnig varð víða vart við gráröndung (*Chelon labrosus*). Tvær dílakjöftur (*Lepidorhombus boschii*) veiddust í humarleiðangri, en þessi tegund sást fyrst við landið árið 2008. Talsvert veiddist af stóra bramafiski (*Brama brama*) við suðurströndina og var alls landað um 3,5 tonnum af þessari tegund. Mest veiddist á línu frá því í maí og fram í september. Alls bárust fjórir dökksilfrar (*Diretmichthys parini*) sem veiddust djúpt undan suður- og suðvesturlandi frá Sneiðinni sunnan Vestmannaeyja og vestur á Melsekk. Þá veiddust tveir fagurserkir (*Beryx splendens*), annar í Skeiðarárdjúpi, hinn á Melsekk. Kambháfur (*Pseudotriakis microdon*) veiddist á línu á Tánni suður af Selvogsbanka, karfalingur (*Ectreposebastes imus*) í botnvörpu á Sneiðinni, kjáni (*Chaunax suttkusi*) í botnvörpu djúpt vestur af Snæfellsnesi og rauðskinni (*Barbourisia rufa*) veiddist í flotvörpu á Reykjanes hrygg.

Í leiðangri sem farinn var á Drekasvæðið veiddist einn flatmjóri (*Lycodes frigidus*), en ekki er vitað til þess að hann hafi veiðst á Íslandsmiðum síðan hann fékkst í Ingólfsleiðangrinum sem farinn var á árunum 1895-96, en þá veiddist hann á um 1430 m dýpi undan Norðausturlandi.

Alltaf veiðist eitthvað af fáséðum djúpfiskum í stofnmælingu að hausti og á síðasta ári má nefna stuttnef (*Hydrolagus affinis*), langnef (*Harriotta raleighana*), nefál (*Nessorhamphus ingolfianus*), mjúkhaus (*Rouleina attrita*), loðhala (*Coryphaenoides mediterraneus*), trjónuhala (*Caelorinchus caelorhincus*), bleikmjóra (*Lycodes luetkenii*) og grænlandsmjóra (*Lycodes adolfi*).

Skipulegum rannsóknum á skötusel, sem hófust árið 2000, var haldið áfram á árinu. Verkefnið byggir á að kanna almenna líffræði skötusels fyrir sunnanverðu landinu og að fylgjast með aldurs- og aflsamsetningu eftir veiðislóðum. Ennfremur er fylgst með viðbrögðum stofnsins við aukinni sókn.

Athuganir á umfangi brottkasts eftir veiðarfærum héldu áfram árið 2009. Umfang verkefnisins byggðist á þúsundum mælinga á sjó og í landi, einkum á þorski og ýsu, sem gerðar voru af veiðieftirlitsmönnum Fiskistofu. Verkefninu hefur verið gerð skil í sérstökum skýrslum (Hafrannsóknir). Haldið var áfram rannsóknum sem beinast að því að kanna meðafla í veiðum flotvörpuskipa en það hófst á vormánuðum 2003.

Gagnasöfnun á djúpfiskum var með hefðbundnum hætti úr afla fiskiskipa svo sem gulllaxi, blálöngu, löngu og keilu. Afla- og sóknargögnum var ennfremur gerð skil í skýrslu til djúpfiskavinnunefndar Alþjóðahafrannsóknaráðsins.

Athuganir fóru einnig fram á öðrum fiskistofnum en nefndir hafa verið hér að framan eins og lúðu, þykkvalúru og stórkjöftu. Þá var haldið áfram með vöktun á svipudýrasýkingum í skarkola.

Unnið var að úrvinnslu og skrifum vegna fóðurtílauna á þorski í Arnarfirði þar sem fjórar hjarðir voru fóðraðar reglubundið með frosinni loðnu og síld. Megintilgangur verkefnisins var að kanna hvort unnt

væri að stunda hagkvæman hjarðbúskap á þorski í Arnarfirði og jafnframt draga úr afráni á rækju í firðinum.

Að lokum skal nefnt að á árinu vann stofnunin í samvinnu við Líffræðistofnun og Náttúrufræðistofnun og að því að meta fjölda sjófugla við landið og er það mikilvægt í fjölstofna samhengi. Einnig var unnið að því að skrifa um rannsóknir á vetrarfæðu sjófugla, en gögnum vegna þeirrar vinnu hefur verið safnað á undanförunum áratug.

### **Sjávarspendýr**

Hvalarannsóknir árið 2009 tengdust einkum þrem stórum verkefnum; rannsóknum á hrefnu, hvalatalningum á Norður Atlantshafi og rannsóknum á langreyði.

Meginmarkmið hrefnurannsóknanna, sem staðið hafa frá árinu 2003, er að afla upplýsinga um fæðuvistfræði tegundarinnar, en auk þess lúta rannsóknirnar að stofngerð, heilsufari, lífsöguþáttum, lífeðlisfræði og uppsöfnun mengunarefna í vefjum. Niðurstöður úr hluta verkefnisins voru kynntar á ráðstefnum erlendis sem innanlands auk vinnunefndafunda.

Hvalatalning úr lofti fór fram á tímabilinu 21. júní-20. júlí. Um var að ræða aukatalningu vegna mikilla breytinga á útbreiðslu og þéttleika hrefnu við landið frá aldamótum. Þannig var fjöldi hrefna á landgrunnssvæðinu árið 2007 einungis um fjórðungur af því sem var árið 2001. Talning í Faxaflóa sumarið 2008 sýndi mun betra ástand en frumniðurstöður talninganna 2009 benda til enn minni þéttleika en árið 2007. Þessar breytingar á útbreiðslu hrefnu við landið stafa líklega af sveiflum í fæðuframboði einkum sandslís. Fjallað var um niðurstöður talninganna 2007 innan vísindanefnda Norður Atlantshafs Sjávarspendýraráðsins (NAMMCO) og Alþjóðahvalveiðiráðsins (IWC) auk þess sem þær voru kynntar á ráðstefnum. Á árinu kom út í sérhefti tímaritsins NAMMCO Scientific Publications (vol. 7) fjöldi ritgerða um fjölda og útbreiðslu hvala við Ísland og á aðliggjandi hafsvæðum.

Sumarið 2009 hófust að nýju veiðar á langreyði frá hvalstöðinni í Hvalfirði, en þær höfðu legið niðri síðan árið 1989, að undanskildum 7 dýrum sem veidd voru haustið 2006. Starfsmenn stofnunarinnar mældu og tóku sýni úr öllum 125 langreyðunum sem veiddar voru á vertíðinni.

Sérfræðingar stofnunarinnar tóku þátt í margvíslegum störfum vísindanefnda IWC og NAMMCO. Á árinu lauk að mestu viðamikilli úttekt vísindanefndar IWC á ástandi stofna langreyðar í Norður-Atlantshafi.

Áfram var unnið að rannsóknum á erfðafræði langreyðar og hrefnu og uppbyggingu DNA gagnabanka. Þá var fram haldið vinnu við skipulagningu á ljósmyndasafni stofnunarinnar yfir einstaklingsgreinanlega hvali.

Á undanförunum áratugum hefur stofnunin skrásett og rannsakað eftir föngum hvali sem rekur dauða eða lifandi á strendur landsins. Alls voru skráðir 17 hvalrekar sjö hvalategunda árið 2009. Þá var fram haldið undirbúningi mats á fjölda sjávarspendýra sem drepast í veiðarfærum fiskiskipa hér við land.

Rannsóknir á ferðum hvala með aðstoð gervitunglasenda héldu áfram. Árið 2009 voru merktir 5 hnúfubakar, 2 hrefnur og ein steypireyður.

### **Stofnerfðafræði**

Á undanförunum árum hefur verið unnið við rannsóknir á erfðaeftni karfa við Ísland og á nálægum hafsvæðum. Tilgangurinn var að kanna hvort úthafs- og djúpkarfi séu erfðafræðilega aðskildir stofnar og einnig hvort hugsanlega sé um tvo stofna djúpkarfa að ræða, annan í Grænlandshafi en hinn í köntunum suður og vestur af landinu. Verkefnið tengist rannsóknum á útbreiðslu og líffræði karfa í Grænlandshafi og nálægum hafsvæðum og hefur verið styrkt, m.a. af Rannís, útgerðum og Evrópu-sambandinu. Niðurstöður rannsóknanna sem birtar hafa verið sýndu að um er að ræða að þrjár líffræðilega aðskildar einingar og lagði ICES til á árinu að karfaveiðum í úthafinu skyldi stjórnað í samræmi við það. Auk þess var lagt til að veiðum á djúpkarfa á Íslandsmiðum skyldi stjórnað sér.



Á árinu var jafnframt unnið að samstarfsverkefni með Færeyingum og Norðmönnum um að rannsaka stofngerð karfa í síldarsmugunni. Niðurstöður verkefnisins nýttust innan ICES þegar fjallað var um stofngerð karfa í N-Atlantshafi í febrúar.

Á árinu var áfram unnið að rannsóknum á erfðatengslum þorsks við Ísland og við A-Grænland, en það verkefni var styrkt af hagsmunaaðilum.

Eins og sjá má í kaflanum um sjávarspendýr þá var einnig unnið að verkefnum varðandi DNA einstaklingsgreiningar á íslenskri hrefnu og langreyði. Rannsóknastofuvinnu við það verkefni lauk á árinu 2007 og úrvinnsla gagna er nú á lokastigum.

### **Veidieftirlit**

Hafrannsóknastofnunin hefur frá upphafi verið í góðri samvinnu við Fiskistofu um veiðieftirlit á Íslandsmiðum og hefur stofnunin séð um framkvæmd skyndilokana samkvæmt lögum. Jafnframt gerir Hafrannsóknastofnunin tillögur um viðmiðunarmörk fyrir lokanir til sjávarútvegs- og landbúnaðarráðuneytis, sem miðast við hlutfallslegan fjölda undir tiltekinni stærð eftir tegundum. Veiðieftirlitshópur, sem í eru sex fiskifræðingar stofnunarinnar, vinnur í samráði við veiðieftirlitsmenn Fiskistofu, sem tilkynna um mælingar yfir viðmiðunarmörkum og leggja til stærð lokunarsvæðis oft í samráði við skipstjóra á viðkomandi slóð. Starfsmenn Landhelgisgæslu um borð í varðskipum koma einnig að skyndilokunum með svipuðum hætti.

Skyndilokanir voru alls 165 á árinu 2009. Á árinu 2008 voru þær hinsvegar 93 og 180 árið 2007 (sem er mesti fjöldi lokanna frá upphafi). Flestar lokanir á árinu 2009 voru vegna þorskveiða eða 105 og 22 lokanir voru vegna ýsu og hér bætast reyndar við 12 skyndilokanir þar sem samtímis var lokað vegna beggja þessara tegunda. Langflestar lokanir voru vegna veiða með línu eða 132.

### **Aldursgreiningar á fiskum**

Starfsmenn Hafrannsóknastofnunarinnar í Reykjavík og útibúum í Ólafsvík, á Ísafirði, Akureyri, Höfn í Hornafirði og Vestmannaeyjum tóku sýni til lengdarmælinga og kvörnunar í mörgum leiðöngrum stofnunarinnar. Einnig voru sýni tekin úr afla mismunandi veiðarfæra, frá öllum árstímum, úr lönduðum afla báta og togara, í fiskverkunarhúsum og fiskmörkuðum. Veiðieftirlitsmenn frá Fiskistofu öfluðu einnig gagna úr lönduðum afla og um borð í fiskiskipum. Árið 2009 voru rúmlega 1,5 milljón fiskar lengdarmældir og um 150 þúsund kvarnaðir. Aldursgreindir hafa verið yfir 74 þúsund fiskar á árinu, og fyrir úttekt í apríl verður lokið við að aldursgreina fyrir stofnmat. Það starfa 14 rannsóknamenn við kvarnadeild, við ýmis rannsóknastörf s.s. sýnatökur á sjó og landi, við röðun, og sneiðingu kvarna, aldursgreiningar, innslátt og við ýmsa úrvinnslu gagna.

Í meðfylgjandi töflu er yfirlit yfir lengdarmælingar, kvarnasöfnun og aldursgreiningar á helstu nytjafiskum árið 2009. Þar kemur meðal annars fram að yfir 376 þúsund þorskar voru lengdarmældir og tæplega 25 þúsund kvarnaðir. Um 320 þúsund ýsur voru lengdarmældar og um 17 þúsund kvarnaðar. Alls voru lengdarmældir 150 þúsund gull-, djúp- og úthafskarfar og yfir 15 þúsund kvarnaðir. Rúmlega 192 þúsund flatfiskar voru lengdarmældir og yfir 28 þúsund kvarnaðir. Þá voru um 8 þúsund kolmunnar og 12 þúsund loðnur lengdarmældar og safnað hreistri frá yfir 20 þúsund síldum. Lengdarmældir voru tæplega 10 þúsund makrílar og yfir 6 þúsund voru kvarnaðir. Einnig voru lengdarmældar hátt í 13 þúsund lýsur og um 43 þúsund mældir humrar.

Fjöldi fiska sem var lengdarmældur, kvarnaður eða hreisturtekinn og aldursgreindur á árinu 2009, flokkað eftir tegundum.

<b>Mælingar, kvarna/hreistur söfnun og aldurslestur 2009</b>			
<b>Tegund</b>	<b>Lengdarmælt</b>	<b>Kvarnað/hreistrað</b>	<b>Aldurslesið</b>
Porskur	376337	24941	18038
Ýsa	320833	16715	15795
Ufsi	51592	8167	7700
Gullkarfi	100057	8110	2980
Úthafskarfi	5054	1858	0
Djúpkarfi	43719	5767	0
Steinbítur	28445	3009	2300
Hlýri	3008	946	0
Lúða	301	231	0
Grálúða	37316	3898	0
Skarkoli	45314	6449	2222
Þykkvalúra	14195	2717	469
Langlúra	31785	8242	4053
Stórkjafra	5250	1148	484
Sandkoli	12796	1750	441
Skrápflúra	45598	3673	73
Síld	32317	11310	5334
Síld ( isl/norsk)	14908	9355	2057
Lýsa	12584	0	0
Loðna	11854	6257	6048
Kolmunni	7909	3647	535
Makrill	9596	6142	796
Gulllax	12813	1329	0
Blálanga	8716	2201	0
Langa	14424	3432	0
Keila	24695	2074	1633
Skötuselur	6102	917	0
Spærilingur	8847	0	0
Aðrar teg.	252254	5145	158
<b>Alls</b>	<b>1538619</b>	<b>149430</b>	<b>74096</b>

## Veiðiráðgjafarsvið

### Almenn starfsemi

Hlutverk sviðsins er að annast reglulega úttekt á ástandi fiskistofna, að móta tillögur stofnunarinnar að ráðgjöf um aflamark, veita stjórnvöldum almenna ráðgjöf um skynsamlega nýtingu sjávarfangs og annast útgáfu árlegrar skýrslu um ástand nytjastofna og aflahorfur á Íslandsmiðum.

Starfsemin á árinu 2009 fólst sem fyrr í því að fara yfir gögn og úttektir einstakra sérfræðinga á þeim nytjastofnum, sem stofnunin veitir ráðgjöf um. Þetta starf er unnið af sérstakri verkefnisstjórn, en auk hennar koma fjölmargir starfsmenn stofnunarinnar að rannsóknum og úrvinnslu, sem tengjast veiðiráðgjöfinni. Verkefnisstjórnin hélt alls 20 fundi á árinu.

Störf á veiðiráðgjafasviði voru með hefðbundnu sniði, þar sem áhersla var lögð á að nýtt væru öll tiltæk gögn við ráðgjöfina s.s. gögn sem safnað er úr afla, niðurstöður úr leiðongrum og afladagbækur fiskiskipaflotans. Starfsmenn fluttu fjölmarga fyrirlestra á árinu þar sem þeir kynntu ástand stofna, ráðgjöf um skynsamlega nýtingu og forsendur hennar. Jafnframt var svarað fjölda skriflegra og munnlegra fyrirspurna frá stjórnvöldum og hagsmunaaðilum. Einnig sóttu sérfræðingar veiðiráðgjafarsviðs í fjölda vinnufunda og ráðstefna á erlendum vettvangi á árinu.

Auk ofangreinds taka starfsmenn virkan þátt í fjölda rannsóknaverkefna s.s. áhrif veiða lífssögu þorsks, gerð líkans af samspili þorsks og loðnu, fæða þorsks úr afla fiskiskipa, svipgerð þorsks á Íslandsmiðum, samspil þorskstofna við Grænland og Ísland.

### Stofnmat

Skýrsla Hafrannsóknastofnunarinnar um ástand nytjastofna á Íslandsmiðum árið 2008 og aflahorfur fiskveiðiárið 2009/2010 (Fjölrit nr. 146) kom út í júníbyrjun. Í skýrslunni er að finna hefðbundið yfirlit yfir ástand einstakra nytjastofna og líklega þróun stofnstærðar miðað við nýtingarstefnu. Á grundvelli langtímamarkmiðs um sjálfbæra nýtingu er lagður til hámarksafli fyrir á fjórða tug stofna. Jafnframt er í skýrslunni stuttur kafli um umhverfisþætti sjávar eins og hita, seltu og átu í hafinu við landið. Auk almennrar kynningar var skýrslan kynnt á sérstökum fundum með hagsmunaaðilum.

### Varúðarnálgun og nýtingarstefna

Vorið 2009 ákvað sjávarútvegsráðherra að 20% aflaregla þar sem tillit er tekið til aflamarks fyrra árs skuli gilda næstu fimm fiskveiðiár fyrir þorsk. Þessi nýtingarstefna er í samræmi við ráðgjöf Hafrannsóknastofnunarinnar og byggð á niðurstöðum áhættuútreikninga sem sýna að miklar líkur eru á því að stærð hrygningarstofnsins árið 2013 verði meiri en hún var í upphafi árs 2009 (rúm 220 þús. tonn). Sjávarútvegsráðherra óskaði eftir því við Alþjóðahafrannsóknaráðið (ICES) að lagt yrði mat á hvort þessi nýtingarstefna (aflaregla) samræmdist alþjóðlegum kröfum um varúðarsjónarmið við nýtingu fiskistofna. ICES skipaði rýnishóp þriggja sérfræðinga (frá Kanada, Bretlandi og Noregi) til að fjalla um skýrslu sérfræðinga Hafrannsóknastofnunarinnar um mat á stærð íslenska þorskstofnsins ásamt framreikningum um þróun stofnsins með áhættugreiningu sem skilað var til ICES í lok október 2009.


Rýnishópurinn lauk umfjöllun sinni um skýrsluna og niðurstöðu hennar á fundi í höfuðstöðvum ICES í nóvember 2009 og skilaði að því loknu álitserð til ICES. ACOM (ráðgjafanefnd ICES) fór yfir álitserð rýnishópsins og skýrsluna á fundi í Lisabon í byrjun desember 2009 og lagði drög að lokasvari til sjávarútvegsráðherra. Formlegt svar frá ICES var sent sjávarútvegsráðherra um miðjan janúar 2010. Í svari ICES kemur fram að nýtingarstefna íslenskra stjórnvalda mun leiða til þess með yfirgnæfandi líkum að hrygningarstofninn fari vaxandi og verði stærri árið 2015 en hann var í ársbyrjun 2009. Jafnframt að nýtingarstefnan sé í samræmi alþjóðleg varúðarsjónarmið og skuldbindingar um nýtingu sem leiðir til hámarks afkrasturs til lengri tíma litið. Þessi niðurstaða markar ákveðin þáttaskil varðandi skynsamlega nýtingu íslenska þorskstofnsins.

Á árinu 2009 var jafnframt unnið að ítarlegri úttekt á loðnu, ufsa, keilu og gullaxi fyrir rýnisfundi (“benchmark”) á vegum ICES sem fram fara í ársbyrjun 2010. Einnig var hafin undirbúningsvinna að mótun nýtingarstefnu fyrir ýsu sem lögð verður fyrir stjórnvöld vorið 2010.

### Ráðgjöf Alþjóðahafrannsóknaráðsins (ICES)

Flestir þeir nytjastofnar sem Hafrannsóknastofnunin gerir úttekt á eru einnig til umfjöllunar hjá Alþjóðahafrannsóknaráðinu. Það eru þrjár vinnunefndir ráðsins sem hér eiga hlut að máli: norðvestur-vinnunefndin (NWWG), vinnunefnd um stofna er hafa mikla útbreiðslu (WGWIDE) og djúpfiskanefndin (WGDEEP). Í þeirri fyrstnefndu er fjallað um þorsk, ýsu, ufsa, gullkarfa, djúpkarfa, úthafskarfa, grálúðu, loðnu og íslensku sumargotssíldina. Í WGWIDE er fjallað um norska vorgotssíld, kolmunna og makríl og í WGDEEP er fjallað um löngu, keilu, blálöngu og gulllax.

Venjan er sú að frumgögn eru unnin upp og farið yfir fyrstu drög að stofnmati hér heima en síðan eru gögn okkar og bráðabirgðastofnmat lögð fram á árlegum fundum vinnunefndanna. Þar er farið yfir öll gögn og komist að sameiginlegri niðurstöðu um endanlegt stofnmat, sem síðan er birt í skýrslu viðkomandi vinnunefndar ásamt tillögu að ráðgjöf og ráðgjafartexta. Sú skýrsla er send til óháðra sérfræðinga (Review Group; RG) til umsagnar sem fara yfir skýrsluna með áherslu á tæknileg atriði. Tillaga að endanlegri ráðgjöf og ráðgjafartexta er síðan samin af þriðja hópi sérfræðinga, Advice Drafting Group (ADG) sem tilnefndur er af ráðgjafarnefnd (Advisory Committee; ACOM). Ráðgjafarnefndin er skipuð 20 sérfræðingum og á hver aðildarþjóð þar einn fulltrúa. Endanlegur ráðgjafartexti er síðan til umfjöllunar í ACOM og er umfjöllun ráðgjafarnefndarinnar og niðurstaða hennar hin opinbera ráðgjöf.



Ferli stofnmatsvinnu og ráðgjafar fyrir þorsk. SMH: stofnmæling botnfiska að hausti, SMB: stofnmæling botnfiska, SMN: stofnmæling með netum, NWWG, ICES: norðvesturfiskveiðinefnd Alþjóðahafrannsóknaráðsins (ICES), RG, ICES: review group; óháður hópur sérfræðinga hjá ICES sem rýnir skýrslu NWWG með áherslu á tæknileg atriði, ADG: Advice drafting group; semur tillögu að ráðgjöf, ACOM: Vísindaráðgjafarnefnd ICES veitir endanlega ráðgjöf um nýtingu stofnsins.

## **Stoðdeildir**

### **Bókasafn**

Bóka- tímaritaeign Sjávarútvegsbókasafnsins sem fjallar um sjóinn lífríki sjávar, fisk, fiskveiðar og sjávarútveg er sú mesta á því sviði hér á landi og þjónar fyrst og fremst starfmönnum Hafrannsóknastofnunarinnar en einnig öðrum sem þurfa heimildir og upplýsingar á þessu sviði. Starfsemi safnsins árið 2009 var að mestu leyti með hefðbundnum hætti. Á árinu voru keyptar um 20 bækur og bókasafnið er áskrifandi að um 120 tímaritum, en alls koma á safnið um 300 titlar tímarita, skýrslna og annarra ritaðra heimilda. Eins og áður voru millisafnalán fyrirferðarmikil í starfseminni þótt dregið hafi úr þeim innanlands á undanförunum áratug vegna landsaðgangs að tímaritum (hvar.is). Sérfræðingar leita auk þess í auknum mæli eftir efni sjálfir, oft með hjálp bókasafnsfræðings. Á árinu voru pantaðar um 70 greinar af Sjávarútvegsbókasafninu og þær sendar til bókasafna og einstaklinga innanlands og erlendis. Um 150 greinapantanir voru svo afgreiddar frá safninu til starfsmanna Hafrannsóknastofnunar.

Bókasafnið heldur úti vefsíðu þar sem unnt að tengjast völdum tímaritum sem mikilvæg eru við rannsóknir vísindamanna stofnananna, sum í gegnum landsaðganginn en önnur eru aðeins keypt á bókasafnið og beinn vefaðgangur að þeim því takmarkaður við starfsfólk Hafrannsóknastofnunarinnar.

### **Tæknideild**

Sem endranær önnuðust starfsmenn tæknideildar uppsetningu, viðhald og viðgerðir ýmissa rannsóknatækja auk hönnunar og smíði ýmis sérbúnaðar. Starfsmenn tóku eins og jafnan mikinn þátt í söfnun og úrvinnslu bergmálgagna, bæði vegna fiskirannsókna og kortlagningar hafsbotsins.

Starfsmenn voru ráðgefandi varðandi kaup á ýmsum rannsóknatækjum og hugbúnaði. Þá var rekstur, viðhald og kvörðun fiskileitartækja, fjölgeislamælis og mælitækja til sjórannsókna stór hluti af verkefnum deildarinnar. Ýmislegt viðhald um borð í rannsóknaskipum okkar var einnig að nokkrum hluta í höndum tæknideildar. Nefna má að nýjum 200 kílóriða bergmálmæli til fiskirannsókna og lágtíðnimæli til jarðlagakönnunar var komið fyrir um borð í RS Árna Friðrikssyni á árinu. Þrír starfsmenn eru nú á tæknideildinni sem er til húsa í Grandaskála í Örfirisey.

## Útibú og tilraunaeldisstöð

### Útibú Ólafsvík

#### *Almenn starfsemi*

Útibúið hefur sinnt sínum störfum með svipuðum hætti og undanfarin ár. Gagnasöfnun úr fiskafla lönduðum á Snæfellsnesi var eins og undanfarin ár stór þáttur í starfsemi útibúsins. Sýnataka gekk vel og var unnin í samstarfi við útgerðir, sjómenn og fiskmarkaði. Aukning hefur verið í öflun sýna beint frá bátunum þar sem flokkun afla er orðinn stór þáttur í frágangi fyrir sölu og mismunandi stærðir fara til ólíkra aðila.

Nokkur fiskmerki og merktir fiskar bárust útibúinu á árinu. Samtals voru þetta 30 þorskar, 5 skarkolar, einn ufsi og 2 skötuselir. Flestir þessara fiska eru merktir í Breiðafirðinum, einn þorskur kom þó frá Grænlandi og allur skarkolinn úr Faxaflóa. Megnið af þorsmerkjunum koma úr merkingu útibúsins í innanverðum Breiðafirði úr verkefni sem ber heitið „Smáþorskur í Breiðafirði” og veiðistaður er í flestum tilfellum ekki langt frá merkingastað.

Tekið var á móti sjaldséðum fiskum og furðuskeppum sem annaðhvort voru greindir til tegunda og mældir á staðnum eða sendir sérfræðingum í Reykjavík til nánari skoðunar. Sérstaklega hefur vogmær (*Trachipterus arcticus*) verið áberandi í þeirri tegundaflöru sem útibúinu hefur borist á árinu.

Útibúið sá um reglubundna söfnun á þangi fyrir Geislavarnir ríkisins vegna vöktunar á geislavirkum efnum og þungmálmum. Söfnunin fer fram á Brimnesi við Krossavík sem staðsett er rétt austan við Hellissand. Klóþangskýnum (*Ascophyllum nodosum*) er safnað 4 sinnum á ári og þau send til Reykjavíkur þar sem greint er magn sesíns (Cs-137).

Þá hefur útibúið komið að kynningu á starfi stofnunarinnar og lífríki hafsins í grunnskólum og fjölbrautarskóla hér á nesinu ásamt því sem haldin var Vísindavaka rannsóknastofnana héðan af nesinu. Starfsmenn útibúsins hafa sinnt kennslu um borð í skólaskipinu Dröfn þegar það hefur átt leið hér um. Starfsmenn útibúsins tóku auk þess þátt í ýmsum leiðöngrum, s.s. togararalli, netaralli, stofnstærðarmati á rækju og humri, haustralli og veiðafærarannsóknunum á humarvörpu.

#### *Fæðurannsóknir*

Fæðurannsóknir þorsks, ýsu og ufsa eru orðin stór þáttur í vinnu útibúsins. Útibúið hefur verið í samstarfi við 3 báta um söfnun á sýnum. Þe. dragnótarbátinn Gunnar Bjarnason SH-122, línu- og netbátinn Saxhamar SH-50, dragnóta- og netabátinn Ólaf Bjarnason SH-137 Samstarf þetta við sjómenn gekk mjög vel eins og undanfarin ár.

Þetta er verkefni hefur verið í gangi síðan 2001 og taka fjögur útibú þátt í því. Lengi vel var einungis safnað sýnum úr þorski en 2006 var ýsu og ufsa bætt við. Verkefninu er ætlað að auka þekkingu okkar á fæðu þessara tegunda ásamt því að fylla upp göt í fyrirbyggjandi gögnum.

Bátarnir taka sýni daglega eftir ákveðinni formúlu og frysta. Fæðugreining fer svo fram í landi af starfsmönnum útibúanna. Í ár söfnuðust um 1600 magar, og er greiningu á fæðuinnihaldi þeirra að mestu lokið. Stefnt er að því að halda þessu verkefni áfram, sem nokkurs konar vöktun á fæðu fisks á Íslandsmiðum.

#### *Vöktun á ástandi hörpudisks*

Vöktun á almennu ástandi hörpudisks á veiðislóð í Breiðafirði var haldið áfram. Farnir voru sjö leiðangrar með heimabát til sýnatöku og til að fylgjast með ástandi hörpudisksmiða. Markmið verkefnisins er að fylgjast með árstíðabundnum breytingum á þyngd ýmissa líffæra hörpudisks í tengslum við hitastig sjávar. Þá er einnig fylgst með hlutfalli dauðra skelja.

#### *Stöðlun á kynþroskagreiningum*

Í útibúinu hafa farið fram myndatökur á kynkirtlum hinna ýmsu tegunda fiska á hinum ýmsu kynþroskastigum. Tilgangur þessa verkefnis er að útbúa myndabækling til að auðvelda samhæfingu á kynþroskagreiningum og er það komið á frágangsstig.

## Útibú Ísafirði

### *Almenn starfsemi*

Við útibúið starfa nú sjö starfsmenn í sex og hálfu stöðugildi. Viðhald veiðarfæra stofnunarinnar er nú komið í hendur starfstöðvar Fjarðanets hf. á Ísafirði. Sérfræðingar útibúsins hafa haft með höndum eftirlit og stjórnun viðhaldsins í samráði við starfsmenn Fjarðanets. Hefðbundin gagnasöfnun úr lönduðum afla auk mengunarsýna gekk að mestu samkvæmt áætlun. Þátttaka í leiðongrum var með líku sniði og áður þó hlutur leiðangra tengdum rannsóknum á veiðarfærum hafi aukist. Allur búnaður til neðansjávarmyndatöku er nú vistaður á Ísafirði og sjá starfsmenn útibúsins um allt viðhald og hafa umsjón með notkun hans í ýmsum verkefnum stofnunarinnar.

### *Sjávarútvegsskóli sameinuðuhjóðanna*

Fimm nemendur sjávarútvegsskólans komu til náms á Ísafirði í lok árs 2008 og luku dvöl sinni í febrúarlök 2009 með skilum á lokaverkefni. Starfsmenn útibúsins sáu um kennslu í veiðitækni, sem fram fór í Háskólasetri Vestfjarða.

### *Rannsóknir á veiðarfærum*

Á árinu hefur verið unnið að ýmsum verkefnum á þessu sviði. Sum þessara verkefna eru á lokastigum en önnur nýhafin. Helstu verkefni eru;

- Aðskilnaður þorsks og ýsu með millipili í botnvörpu
- Bætt flokkun afla í humarvörpu
- Umhverfissvænar veiðar, notkun ljóss
- Aðlöðun og gildrun þorsks, rannsóknir á gildrum
- Kjörhæfni króka við línuveiðar
- Kjörhæfni botnvörpu, hlutfall fisks undir fótreiði.

Flest þessara verkefna eru unnin í samstarfi við útgerðir, fyrirtæki og stofnanir og hafa hlotið styrki úr rannsóknasjóðum AVS og Rannís. Frumniðurstöður hafa verið kynntar á fundum með hagsmunaaðilum og á ráðstefnum.

### *Fæða þorsks, ýsu og ufsa í afla fiskiskipa*

Fyrirferðamikið vöktunarverkefni sem er samstarfsverkefni fjögurra útibúa og veiðiráðgjafarsviðs, auk sjómanna og útgerðarmanna. Markmið verkefnisins er að afla frekari gagna um fæðu þorsks og fylla í göt bæði í tíma og rúmi. Samkvæmt samkomulagi við sjómenn vítt og breitt um landið eru tekinn daglega magasýni úr þorski, ýsu og ufsa í öllum róðrum og þau flutt í land til greiningar. Á vegum útibúsins var u.þ.b. 2.000 sýnum safnað á árinu og 4.000 sýni greind. Á árinu hefur að mestu tekist að vinna upp uppsöfnuð eldri sýni verkefnisins.

### *Rækja*

Stofnmæling rækju á grunnslóð fór fram í október í Arnarfirði og Ísafjarðardjúpi. Í Arnarfirði lækkaði vísitala rækju nokkuð en útbreiðsla hennar var með líkum hætti og undanfarin ár. Minna fékkst af bæði þorski og ýsu en 2008 og var magn ýsu undir meðaltali síðustu tíu ára. Lagt var til að heimila rækjuveiðar með 300 tonna aflamarki fyrir vertíðina 2009-1010. Rækjustofninn í Ísafjarðardjúpi mældist lítill og hefur minnkað mikið frá árinu 2007 þegar stofninn virtist vera á uppleið. Aukning var í þorski frá fyrri árum og var fjöldi hans yfir meðallagi. Fjöldi ýsu var einnig langt yfir meðallagi. Undanfarna sex vetur hefur verið mikið af fiski í Djúpinu og oftast lítið af rækju og hafa engar rækjuveiðar verið leyfðar.

## Útibú Akureyri

### *Almenn starfsemi*

Að venju var gagnasöfnun úr lönduðum aflu stór þáttur í starfsemi útibúsins á árinu. Sýnafjöldi var mjög svipaður og árið á undan en ýmis vandamál gera sýnatöku þó erfiðari en áður s.s. flokkun aflu og gámaútlutningur á ferskum fiski. Mannahald útibúsins var óbreytt á árinu og voru starfsmenn útibúsins fjórir að tölu í þremur og hálfu stöðugildi. Á árinu ákvað Hreiðar Þór Valtýsson að segja starfi sínu lausu við útibúið og beina kröftum sínum alfarið að Háskólanum en síðastliðin tvö ár hefur hann verið í launalausum leyfi frá útibúinu. Við óskum Hreiðari velfarnaðar á nýjum vettvangi og þökkum fyrir vel unnin störf á umliðnum árum.

Eins og venjulega barst útibúinu nokkur fjöldi merktra fiska á árinu. Bar mest á merktum skarkolum sem nánar verður fjallað um hér á eftir en einnig bárust merktir þorskar og ufsar. Í febrúar kom tilkynning um merktan vöðusel sem fékkst í þorskanet úti fyrir Eyjafirði. Í ljós kom að þessi vöðuselur hafði verið merktur sem kópur af Norðmönnum árið 1989 á ís norðan 72 breiddargráðu. Einnig komu sjómenn og aðrir áhugasamir með sjaldgæfa fiska eða aðrar furðuskepnur til útibúsins sem greindir voru til tegundar á útibúinu. Mikið bar á að vogmær ræki á fjörur hér fyrir norðan ásamt því að makrillinn gerði vart við sig á norðenskum fjörðum og flóum og var meira segja farinn að veiðast í töluverðu magni inni á Pollinum við Akureyri. Eins og venjulega var magasýnum safnað af Geir ÞH og þau send vestur á Ísafjörð til greiningar.

Sem fyrr tóku starfsmenn útibúsins þátt í ýmsum leiðöngrum á vegum stofnunarinnar. Má þar telja: togararöll, netaröll, ufsamerkingar, skarkolamerkingar, innfjarðarækjuleiðangra, loðnuleiðangur, könnun á þorski við Austur Grænland og straummælingaleiðangur í Grænlandssund.

Starfsmenn útibúsins sinntu sem fyrr kennslu á hinum ýmsu stigum menntakerfisins. Að venju kenndu sérfræðingar útibúsins við Háskólann á Akureyri og Háskólasetur Vestfjarða en auk þess var tekið þátt í sjóferðum á Húna II og Dröfn þar sem líffríki sjávar var kynnt fyrir grunnskólanemendum. Eins var farið fimmta árið í röð á Bjarna Sæmundssyni með nemendur HA í hið svokallaða Eyrall.

### *Skarkolamerkingar*

Í ár var farið af stað með verkefni þar sem merktir voru skarkolar á Eyjafirði og Skjálfanda. Meðal markmiða var að bera saman tvö svæði þar sem dragnótaveiðar eru annars vegar leyfðar hluta ársins (Skjálfandi) og hins vegar bannaðar (Eyjafjörður). Miklar endurheimtur fengust strax og veiðar voru leyfðar í Skjálfanda um þremur mánuðum eftir merkingar. Nú stendur yfir úrvinnsla á þessum gögnum.

### *Hvalarannsóknir*

Á árinu voru farnir nokkrir leiðangrar til merkingar á hvölum hér við land með GPS-staðsetningarmerkjum. Í byrjun árs voru merktir tveir hnúfubakar á loðnumiðum SA-af landinu og bárust sendingar frá öðrum þeirra í um tólf daga og var hann staddur úti á miðju Atlantshafi þegar síðustu sendingar komu frá honum. Í lok júní voru steypireyður og hnúfubakar merktir á Skjálfanda og var hnúfubakurinn staddur í Öxarfirði þegar hann hætti að senda en steypireyðurin í nágrenni Vestmannaeyja þegar síðustu sendingar komu frá honum. Seinni hluta október voru tveir hnúfubakar og tvær hrefnur merktar á Eyjafirði og náðust sendingar frá báðum hnúfubökunum en ekkert hefur hins vegar orðið vart við hrefnurnar. Hélt annar hnúfubakurinn til í Skagafirði þegar síðustu sendingar komu en hinn var kominn langt suður í höf þegar merkjasendingar hættu að berast frá honum.

## Útibú Höfn Hornafirði

### *Almenn starfssemi*

Eins og undanfarin ár var gagnasöfnun úr lönduðum aflu stærsti þátturinn í starfsemi útibúsins á Höfn. Kvarnað, mælt og kyngreint var samkvæmt áætlun um gagnasöfnun. Inn í sýnatökuáætlunina komu 12 tegundir botnfiska, sem teknar eru úr mismunandi veiðarfærum og veiðisvæðum. Á þessu ári voru tekin 72. sýni. Um 10.000 fiskar voru mældir, þar af 3.500, kvarnaðir. Sýnataka úr lönduðum aflu hefur aukist töluvert undanfarin ár.



*Gagnasöfnun*

Við gagnasöfnun hefur útibúið góða aðstöðu hjá Fiskmarkaði Hornafjarðar en einnig voru tekin sýni í fiskvinnsluhúsum hér á Höfn. Gagnasöfnunin gekk ágætlega á árinu þrátt fyrir að oft sé orðið mjög erfitt að ná í sýni vegna flokkunar aflans úti á sjó, gámaútflutnings og afla sem seldur er í beinum viðskiptum og fer strax af staðnum. Reglulega voru tekin sýni úr lönduðum síldar-, humar- og loðnuafli og unnin á hefðbundinn hátt, en gagnasöfnun á humar-, loðnu- og síldarvertíð er viðamikill þáttur í starfsemi útibúsins.

*Þjónustumælingar*

Tekin voru sýni af þangi og sjó til geislaælinga sem er samstarfsverkefni með Geislavörnum ríkisins. Útibúinu bárust nokkrir merktir fiskar og tekið var á móti fáeinum sjaldséðum fiskum.

*Síld*

Á síldarvertíðinni að þessu sinni, veiddist síldin að mestu inni á Breiðafirði, og bárust um 8.500 tonn til Hafnar. Tekin voru sýni úr afla síldarskipa á hefðbundinn hátt en vegan sýkingar sem kom upp í síldarstofninum hefur dregið verulega úr veiði miðað við undanfarin ár. Þá voru unnin mörg önnur smærri verk við gagnaöflun.

*Starfslok*

Á árinu lét Reynir Njálsson af störfum sem útibústjóri eftir 33. ár í starfi hjá Hafrannsóknastofnuninni. Hann færir öllu því góða fólki sem hann hefur unnið með hjá stofnuninni kærar kveðjur með þakklæti fyrir ánægjuleg kynni og gott samstarf öll þessi ár.

**Útibú Vestmannaeyjum***Almenn starfssemi*

Starfsemin var með svipuðu sniði og á síðustu árum. Gagnasöfnun úr lönduðum afla var sem fyrr veigamikill þáttur í starfseminni. Einnig voru sýni tekin fyrir geislaælingar á þangi, tekið var á móti merktum fiski o.fl. Starfsmenn tóku þátt í ýmsum rannsóknaleiðöngrum á vegum stofnunarinnar.

*Stofnmæling með netum (SMN)*

Verkefnistjórn þessa verkefnis er í höndum útibústjóra og tóku 7 bátar þátt í netaralli stofnunarinnar sem fór fram á tímabilinu 30. mars til 24. apríl. Markmið verkefnisins er að safna upplýsingum um aldurs- og lengdar-/þyngdasamsetningu, kynþroska og vöxt hrygnandi þorsks, á helstu hrygninarsvæðum við landið. Einnig að meta árlega magn kynþroska þorsks er fæst í þorskanet á hrygningarstöðvum og breytingar í gengd hrygningarþorsks á mismunandi svæðum.

*Stofnmæling (vöktun) á marsíli við Ísland*

Þetta verkefni er rekið frá útibúinu og hófst vöktun á síli árið 2006. Markmið þess er að meta breytingar í stofnstærð sílis og afla upplýsinga um árgangastyrk og nýliðun í tegund sem er mikilvæg fæða nytjafiska, hvala og sjófugla. Farið var í tveggja vikna leiðangur í júlí á Dröfn RE 35 og síli kannað á svæðinu frá Breiðafirði að Ingólfshöfða.

*Fæðurannsóknir*

Haldið var áfram samstarfi við sjómenn um söfnun á magasýnum til rannsókna á fæðu fiska og var um 1200 sýnum safnað á árinu. Fæðusýnum var safnað úr þorsk, ýsu og ufsa. Verkefnið er samstarfsverkefni útibúa stofnunarinnar og er ætlunin með þessu verkefni að afla frekari upplýsinga um fæðu þorsks, ýsu og ufsa og reyna að fylla upp í eyður sem hafa verið í söfnun fæðusýna.

## Tilraunaeldisstöðin að Stað við Grindavík

### *Almenn starfsemi*

Við Tilraunaeldisstöðina á Stað við Grindavík starfa fjórir fastráðnir starfsmenn við rannsóknir á eldi sjávardýra. Líkt og undanfarin ár var þungamiðjan í starfsemi stöðvarinnar rannsóknir og seiðaframleiðsla þorsks og sandhverfu.

### *Þorskur*

Tilraunaeldisstöðin hefur verið í fararbroddi við uppbyggingu þorskeldis á Íslandi. Stöðin hefur stundað stuðningsrannsóknir fyrir greinina og jafnframt framleitt eldisseiði allt frá árinu 1994. Árið 2002 var reist viðbygging við stöðina og ári síðar hófst í stöðinni kynbótaverkefni undir merkjum Icecod en þar var stofnunin stór hluthafi. Samhliða kynbótaverkefninu voru síðan framleidd u.þ.b. 200 þúsund eldisseiði á ári og þau seld áfram til eldisfyrirtækja samkvæmt samningi við Icecod. Samstarfssamningurinn við Icecod rann út á síðasta ári og Icecod hefur nú tekið við hlutverki Hafrannsóknastofnunarinnar sem helsti framleiðandi þorsksseiða á landinu. Hjá stofnuninni hefur áherslan nú flust frá framleiðslu yfir á rannsóknir sem tengjast þorskeldi. Aðstæður til fiskeldisrannsókna eru mjög góðar í Tilraunaeldisstöðinni og er unnið þar að fjölbreyttum rannsóknaverkefnum á sviði þorskeldis, eins og sjá má hér fyrir neðan.

Verkefnið „vaxtargeta eldisþorsks“ er styrkt af AVS og unnið í samstarfi við Icecod og HB-Granda. Markmiðið er að kanna langtímaáhrif frumfóðrunar á vaxargetu eldisþorsks. Seiðahópum af árgangi 2008 er fylgt eftir frá klaki upp í markaðsstærð annars vegar í eldisstöð og hins vegar í sjókví HB-Granda á Berufirði. Niðurstöður sýna að frumfóðrun hefur mikil áhrif á vaxtargetu eldisþorsks og nú í árslok 2009 mældist meira en tvöfaldur munur á meðalstærð innan samanburðarhópa. Bestu hóparnir í eldisstöðinni eru að slá öll fyrri met og virðast stefna í 3 kg sláturstærð á aðeins 27 mánuðum frá klaki. Vonir standa til þess að kvíafiskur á Berufirði muni ná sláturstærð á tveimur sumrum í sjó eða heilu ári fyrir en áður hefur tekist á Íslandi.

„Kjöreldi þorsks“ (TOPCOD/OPTILAR) er verkefni styrkt af Rannís og AVS og unnið í samstarfi við Akvaplan Niva, Matís, Hólaskóla, Háskólann í Portsmouth, Þórodd ehf og Álfsvell ehf. Í þeim verkþáttum sem snúa að Hafrannsóknastofnuninni er fylgst með langtímaáhrifum mismunandi eldisaðferða í þorsklirfur. Fyrstu niðurstöður benda til þess að seiði sem vanin eru snemma á þurrfóður (30 dögum eftir klak) vaxi hægar en önnur seiði og hafi hærra hlutfall vansköpunar. Best virðist koma út að frumfóðra með selturækju (*Artemia*) og venja seiðin á þurrfóður 40 dögum eftir klak.

„Kjörselta fyrir eldisþorsk“ (SALCOD) er verkefni styrkt af AVS og unnið í samstarfi við Matís, tilraunastöð Háskóla Íslands í meinafræði á Keldum og Háskólann í Gautaborg. Verkefnið hófst á árinu 2008 en þá voru gerðar tilraunir sem miðuðu að því að skilgreina kjörseltu vaxtar. Í ágúst 2009 hófst síðan lokakafli verkefnisins þar sem eldisþorskur verður alinn við kjörseltu allt frá seiðastigi upp í matfisksstærð.

„Tilraunaframleiðsla á þrílitna eldisþorski“. Þetta verkefni er styrkt af AVS og unnið í samstarfi við Icecod. Markmiðið er að þróa aðferðir til geldingar á eldisþorski og rannsaka áhrifin á vöxt og gæði seiðanna. Innan þessa verkefnis náðust öll þau markmið sem stefnt var að; framleidd voru þrílitna seiði (með þrýstímeðhöndlun á hrognastigi) og hænggerðar hrygnur (með hormónameðhöndlun á seiðastigi). Seiðin eru nú alin í stöðinni í langtímatilraunum. Fyrstu niðurstöður benda til þess að þrílitna seiðin vaxi hægar og hafi hærra hlutfall vansköpunar en önnur seiði.

Í eldisstöðinni var einnig unnið að ýmsum smærri verkefnum og þá gjarnan nemendaverkefnum. Unnið var að meistaraverkefni Lísu Libungan frá Háskóla Íslands á sviði stofnerfðafræði þorsks. Stöðin útvegaði eldisþorska í meistaraverkefni Guðjóns Gylfasonar við Háskóla Íslands á sviði próteinmengjagreiningar. Stöðin lánaði ker og eldisþorsk í verkefnið „Hljóðmyndun í hrygningu þorsks“ sem er samstarfsverkefni MarICE, Stjórnú Odda og Stofnfisks. Unnið var að hagkvæmniathugun fyrir þorskeldisstöð í landi Grindavíkur í samvinnu við Grindavíkurbæ og fleiri aðila.

Út úr ofangreindum verkefnum voru framleidd 60 þúsund gæðaflokkuð og bólusett þorsksseiði. Samkomulag náðist við Icecod um sölu á 50 þúsund seiðum og 3 þúsund voru seld til rannsókna hjá Hólaskóla.

### *Sandhverfa*

Í Tilraunaeldisstöðinni hefur verið byggður upp hrygningastofn sandhverfu, sem er verðmætur eldisfiskur. Markmiðið er að afla víðtækrar þekkingar á eldisfiskinum og að framleiða seiði og ráðstafa þeim til áframeldis.

Silfurstjarnan á Kópaskeri er eini innlendi seiðakaupandinn um þessar mundir. Á árinu fóru um 65.000 sandhverfuseiði til áframeldis hjá Silfurstjörnunni.

Á árinu flutti stofnunin út fisk, seiði og hrogn til Kína. Það eru tveir aðilar sem hafa fengið þessar sendingar til rannsókna og í eldi. Flutningurinn tekur u.þ.b. 40 klukkustundir og hefur gengið mjög vel. Einnig voru send sandhverfuseiði til Þýskalands, þar sem þau voru notuð til erfðarannsókna við Háskólann í Kiel.

Stofnunin tók þátt í verkefninu Landnemi, sem gengur m.a. út á að afla upplýsinga um dreifingu sandhverfu við Ísland. Verkefnið er unnið í samvinnu við Akvaplan-Niva á Íslandi, Matís ohf og Háskólann í Bergen. Verkefnið er styrkt af Sjávarútvegsráðuneytinu.

Þá lauk á árinu umfangsmikilli rannsókn á sambandi eldishita og vaxtar hjá mismunandi stærðarhópum sandhverfu. Það er mikilvægt að þekkja kjörhita til vaxtar til að hámarka vöxt og þar með arðsemi í eldi.

## **Önnur starfsemi**

### **Samstarfshópar um eflingu stofnrannsókna**

Á undanförunum árum hafa verið starfandi nokkrir samstarfshópar hagsmunaaðila og stofnunarinnar um eflingu rannsókna á tilteknum nytjategundum. Markmiðið með þessu samstarfi er að nýta reynslu og þekkingu sjómanna og útvegsmanna til að bæta gæði ráðgjafarinnar. Samstarfshóparnir eru skipaðir einstaklingum í sjávarútvegi með sérþekkingu á viðkomandi nytjastofni, auk starfsmanna stofnunarinnar. Nokkrir slíkir hópar voru starfandi á árinu og fjölluðu þeir um karfa-, þorskrannsóknir auk þess sem sérstakur hópur fjallaði um rannsóknir á uppsjávarfiskum og veiðum. Þá var á árinu 2008 settur á laggirnar sérstakur hópur um sýkingu sem þá kom upp í síldinni. Í honum sátu sérfræðingar Hafrannsóknastofnunarinnar, útvegs- og sjómenn ásamt fisksjúkdómafræðingum frá Háskóla Íslands og Matvælastofnun og starfaði hann áfram á árinu 2009. Auk ofangreindra hópa starfaði hópur um eflingu stofmælinga botnfiska eða svokallaðs togararalls, sá hópur lauk störfum á árinu.

### **Kynningarmál**

Vísindamenn Hafrannsóknastofnunarinnar kynntu rannsóknir sínar víða með fyrirlestrum og veggspjöldum auk þess sem stofnunin tók samkvæmt venju þátt í hátíðarhöldum á Hátíð hafsins við Reykjavíkurhöfn í júní. Hafrannsóknastofnunin kynnti starfsemi sína einnig á vísindavöku Rannís í Hafnarhúsinu við Tryggvagötu í september þar sem áhersla var lögð á að kynna kortlagningu hafsbotsins og rannsóknir á djúpsjávarkóröllum. Sýnt var hvernig dýptarkort sem gerð eru með fjölgeislamælingum nýtast við rannsóknir á kóralsvæðum. Þá voru nokkur verkefni kynnt í Rannísblaðinu auk þess sem nokkrir starfsmenn tóku þátt í verkefninu um „vísindamann að láni“ þar sem vísindamenn kynntu rannsóknir sínar í grunnskólum. Fjölmargir hópar heimsóttu einnig Hafrannsóknastofnunina til að kynna sér starfsemina, einkum innlendir og erlendir nemar á ýmsum skólastigum.

Dagana 20. og 21. janúar gekkst Hafrannsóknastofnunin fyrir opinni ráðstefnu um rannsóknir á sjó og sjávarlífverum við Ísland. Var öllum þeim sem stunda rannsóknir á þessu sviði boðið að kynna rannsóknir sínar í fyrirlestrum eða á veggspjöldum. Alls voru flutt 26 erindi og rannsóknir kynntar á

35 veggspjöldum. Gestur ráðstefnunnar var Steven Hawkins Professor frá Bangor í Wales sem flutti opunarerindi þar sem hann fjallaði um áhrif loftslagsbreytinga á fjölbreytileika og vistkerfi í sjó og mikilvæki langtímavöktunar. Yfir 100 manns sóttu ráðstefnuna báða dagana.

Skólaskipið Dröfn var starfrækt alls í um 20 daga á árinu og farnar samtals 40 ferðir. Farið var með grunnskólanemendur í hálfisdagsferðir á sjó til að kynna þeim sjómennsku og fiskveiðar. Nemendur úr grunnskólum við Vestur- og Norðurland fóru á sjó með Dröfninni í febrúar og mars. Eins og undanfarin ár er verkefnið unnið í samstarfi Hafrannsóknastofnunarinnar, sjávarútvegsráðuneytis og Fiskifélags Íslands.

Fjöldi erlendra gesta heimsótti stofnunina á árinu, þar á meðal eftirfarandi:

- Vilhjálmur Lúðvíksson frá menntamálaráðuneyti ásamt tveimur fulltrúum sem vinna að úttekt á íslensku háskóla- og rannsóknarumhverfi heimsóttu Hafrannsóknastofnunina 6. apríl.
- Roger Oven skoskur sérfræðingur í innleiðingu vatnatilskipunar Evrópu, heimsótti Hafrannsóknastofnunina 18. maí.
- Kínversk sendinefnd frá Oceanic and Fishery Bureau of Fujian Province heimsótti Hafrannsóknastofnunina 20. ágúst.
- Reinder Schaap, sjávarútvegs- og landbúnaðarfulltrúi hollenska sendiráðsins í Osló heimsótti Hafrannsóknastofnunina 16. september.
- Sendinefnd frá Eistneska sjávarútvegsráðuneytinu heimsótti Hafrannsóknastofnunina 27. október.
- Fulltrúar Monterey Bay Aquarium – Sea Watch heimsóttu Hafrannsóknastofnunina 3. desember.

Eftirfarandi námskeið voru haldin fyrir starfsmenn Hafrannsóknastofnunarinnar á árinu 2009:

*Að miðla töluðu máli*; 6. febrúar. Kennari: Kristín Ólafsdóttir

*Að hætta að reykja*; 1. apríl, Kennari: Pétur Einarsson leikari

*Heilsuáttak á Hafrannsóknastofnun*; 8. maí. Kennari: Heilsuvernd

*Ritun greina á íslensku*; 2. og 3. nóvember Kennarar: Baldur Hafstað og Sigurður Konráðsson

*Eflingu liðsanda á vinnustöðum*, 13. nóvember. Kennari: Jóhann Ingi Gunnarsson sálfræðingur

## Námsverkefni

Á árinu 2009 styrkti Hafrannsóknastofnunin alls átta nemendur og starfsmenn til framhaldsnáms í haf- og fiskifræði, fjóra til meistaraþrófnáms og fjóra til doktorsnáms (sjá töflu hér fyrir neðan). Auk þess komu margir sérfræðingar að leiðsögn framhaldsnema í Háskóla Íslands. Jón Eðvald Halldórsson lauk meistaraþrófi snemma á árinu og Heidi Pardoe doktorsprófi í lok ársins

Nemendur og starfsmenn sem nutu styrkja frá Hafrannsóknastofnuninni í tengslum við framhaldsnám árið 2009.

Styrkþegi	Heiti verkefnis	Skóli	Námsgráða
Birkir Bárðarson	Vistfræði laxsilda	University of St. Andrews	Dr
Jón Eðvald Halldórsson	Hjarðeldi á þorski: arðsemi og raunhæfni	Háskólinn á Akureyri	MSc
Daniel Ribeiro Fernandes	Svipgerð þorsks á Íslandsmiðum	Háskóli Íslands	MSc
Klara Jakobsdóttir	Erfðasamsetn. hrygnandi þorsks á síðustu öld	Háskóli Íslands	MSc

Valur Bogason	Rannsóknir á síli við Ísland	Háskóli Íslands	MSc
Baldvin Einarsson	Líkan af gönguleið loðnu	University of Santa Barbara	Dr
Heidi Pardoe	Áhrif veiða á stofngerð þorska	Háskóli Íslands	Dr
Bjarki Þór Elvarsson	Fæða hrefnu (Gadget)	Háskóli Íslands	Dr
Hrönn Egilsdóttir	Áhrif súrnunar sjávar á lífríkið	Háskóli Íslands	Dr

Eins og fram kemur í langtímaáætlun Hafrannsóknastofnunarinnar fyrir árin fyrir árin 2007-2011 verður veruleg þörf á nýjum sérfræðingum á komandi árum. Til þess að stuðla að slíkri nýliðun mun Hafrannsóknastofnunin áfram styrkja doktors- og meistaranema þegar verkefni þeirra falla að starfsemi stofnunarinnar. Forsenda slíkra styrkveitinga er að stofnunin komi að mótun verkefnis og stefnt er að því að auglýsa styrki svo tryggt sé að þeirra njóti efnilegir nemendur í leit að frekari menntun á sviði haf- og fiskifræði.

### Sjávarútvegsskóli Háskóla Sameinuðu Þjóðanna

Starfsemi Sjávarútvegsskóla Háskóla Sameinuðu Þjóðanna hófst árið 1998, Meginmarkmið skólans er stuðla að uppbyggingu og þróun veiða og vinnslu í þróunarlöndum þar sem veiðar á vatna- og sjávarfangi er mikilvægt fyrir lífsviðurværi þjóða, til tekjuöflunar og matvælaöryggis. Það er gert með því að bjóða upp á hagnýtt nám og efla þannig mannauð og getu lykilaðila í sjávarútvegi í samstarfslöndum skólans.

Sjávarútvegsskólinn er rekinn af Hafrannsóknastofnuninni samkvæmt samningi við Háskóla Sameinuðu Þjóðanna og utanríkisráðuneytið, sem fjármagnar starfsemina að mestu leyti. Matís, Háskóli Íslands og Háskólinn á Akureyri standa einnig að rekstri skólans og eiga fulltrúa í stjórn hans, en einnig er náð samstarf við fjölda annarra stofnana og fyrirtækja.

Að jafnaði starfa þrír til fjórir menn við skólann, en að auki kemur mikill fjöldi sérfræðinga að kennslu og leiðbeiningu nemendaverkefna. Frá apríl 2008 til loka júní 2009 var Tumi Tómasson forstöðumaður skólans í leyfi og gengdi Þór Ásgeirsson starfi forstöðumanns í hans fjarveru. Guðni Eiríksson fór í leyfi 1. apríl 2009 og lét af störfum í árslok. Sigríður Ingvarsdóttir er í fullu starfi við skólann, og fram yfir mitt ári vann Konráð Þórisson sérfræðingur hjá Hafrannsóknastofnuninni við verkefni fyrir skólann í fullu starfi.

Skólinn býður upp á sex mánaða starfstengt framhaldsnám á háskólastigi sem um 20 manns sækja árlega. Skólinn hefur einnig frumkvæði að því að þróa og halda styttri námskeið, ráðstefnur og starfsfundi (workshops) á ýmsum sviðum tengdum sjávarútvegi í samstarfslöndunum með heimaaðilum og öðrum stofnunum og samtökum. Þessu til viðbótar hefur skólinn boðið fyrrum nemendum upp á skólastyrki til framhaldsnáms við háskóla hér á landi. Leitast er við að þessir þættir í starfsemi skólans styðji hver annan. Sex mánaða nám á Íslandi er stundum hluti af undirbúningi námskeiða sem haldin eru í samstarfslöndum og sú reynsla sem íslenskir sérfræðingar sem starfa að uppbyggingu námskeiða öðlast getur gert kennsluna á Íslandi markvissari.

Á árinu var gefið út rit afmælisráðstefnu Sjávarútvegsskólans sem haldin var í lok október 2008 í tilefni af 10 ára afmæli skólans. Þar er gerð ítarleg grein fyrir starfsemi skólans, stefnu hans og þróun, og þeirri hugmyndafræði sem lögð er til grundvallar í starfinu. Stefna skólans tekur mið af stefnu Háskóla Sameinuðu Þjóðanna og stefnu utanríkisráðuneytisins í þróunarsamvinnu og var endurskoðuð á síðasta ári. Hana má nálgast á nýrri heimasíðu skólans [www.unuftp.is](http://www.unuftp.is).

### Sex mánaða nám á Íslandi

Þungamiðjan í starfi skólans er sex mánaðar nám á framhaldsstigi, þar sem lögð er rík áhersla á hagnýtingu þekkingar og að efla færni nema til að beita aðferðum sem nýtast með beinum hætti aðstæðum þeirra heima fyrir. Hafa ber í huga að nemarnir eru allir starfandi sem sérfræðingar í sínum heimalöndum og þeir hafa allir lokið háskólaprófi og stór hluti þeirra hefur þegar lokið meistara- eða jafnvel doktorsprófi. Þeir leggja þannig með sér umtalsverða þekkingu og reynslu sem þeir geta

miðlað og sem nýtist þeim til að meta og draga lærdóm af því námi og reynslu sem skólinn býður upp á.

Námið hefst með sex vikna yfirlitsnámskeiði þar sem lögð er áhersla á að skoða sjávarútveg og fiskeldi í heild sinni og hvernig greinin hefur þróast í alþjóðlegu samhengi. Markmiðið er að nemarnir geri sér grein fyrir stöðu sjávarútvegs í heimalöndum sínum og þeim möguleikum sem eru á frekari þróun greinarinnar og þeim leiðum sem mögulegar eru. Að inngagninum lokum tekur við sérnám sem samanstendur af sex vikna námskeiði og 14 vikna verkefnavinnu. Lokaverkefnið verður að hafa sterka skírskoðun til viðfangsefna sem eru ofarlega á baugi í heimalandinu. Boðið er upp á sérnám á sex sviðum, en ekki er boðið upp á nám á öllum sviðum á hverju ári. Nánari upplýsingar um námið er að finna á heimasíðu skólans, en þar gefur einnig að líta lokaverkefni nemenda.

Í byrjun mars útskrifuðust 19 nemendur af fjórum sérsviðum: gæðastjórnun, veiðistjórnun, stofnmati og veiðitækni, en kennsla á því síðastnefnda fer fram við Háskólasetur Vestfjarða. Þar með hafa 186 manns frá 36 löndum nú útskrifast eftir sex mánaða nám hérlendis. Meðal þeirra sem útskrifast hafa eru 64 konur, eða rúmlega þriðjungur. Skiptingu nema eftir löndum og sérfræðilínunum er tekin saman í töflu á næstu síðu.

Í september 2009 hófu tuttugu namar nám og einn bættist við í sex vikna námskeiði í sérnámi. Stundum er boðið upp á að fólk sækji einungis sex vikna sérnám, og þá gjarnan í tengslum við þróun námskeiða í samstarfslöndum. Hingað til hafa um 10 manns tekið hluta af sex mánaða náminu, oftast sex vikna sérnám.

### Námskeið í samstarfslöndum

Á síðasta ári varð mikil aukning á framboði stuttra námskeiða í samstarfslöndunum. Hugmyndin með námskeiðunum er að ná til aðila í sjávarútvegi sem ekki uppfylla inntökuskilyrði Sjávarútvegsskólans en þurfa á hagnýtri þjálfun að halda. Við þróun þessara námskeiða er lögð áhersla á samstarf við stofnanir í heimalöndum. Oftast koma fyrrum nemendur Sjávarútvegsskólans að þróun námskeiða og síðar einnig að kennslu á þeim. Takmarkið er að þróa námskeið sem heimamenn geta tekið við og nýtt til eflingar sjávarútvegnáms í háskólum eða öðrum fræðslustofnunum..

Á árinu voru haldin þrjú námskeið:

*Fiskeldi og rekstur fiskeldisstöðva;* Námskeiðið var ætlað ráðunautum í fiskeldi í Úganda. Að þróun þess komu Helgi Thorarensen og Ólafur Sigurgeirsson frá Háskólanum á Hólum. Námskeiðið var unnið í samstarfi við Makerere háskólanna í Úganda og fleiri. Námskeiðið sóttum um 40 manns var það haldið 16-22 ágúst 2009.

*Söfnun og greining aflagagna;* Haldin voru tvö fimm daga námskeið, í Tansaníu og Kenía í september og október. Markmiðið var að bæta gagnasöfnun og þjálfu ráðunauta til að taka saman og greina gögn, til að þau nýtist betur samfélögum sem taka virkan þátt í veiðistjórnun (Community-based Management). Alls tóku um 20 manns þátt í Tansaníu og 15 í Kenýa. Námskeiðin voru unnin í samstarfi við FAO og voru lokahnykkurinn á formlegu samstarfsverkefni sem hefur verið unnið að í rúm þrjú ár. Fyrir hönd skólans unnu þeir Jón Sólmundsson og Konráð Þórisson, sérfræðingar Hafrannsóknastofnunarinnar, að þessu verki.

Áfram var unnið að undirbúningi námskeiðs í Vietnam um rekstrarstjórnun í fiskeldi í samstarfi við svæðasamtök rannsóknastofnana í fiskeldi í Asíu og Kyrrahafi og Nha Trang háskólann. Þá var einnig hafinn undirbúningur að öðru námskeiði í fiskeldi fyrir fiskiráðunauta í samstarfi við Makerere háskólann í Úganda og Þróunarsamvinnustofnun Íslands. Bæði fiskeldisnámskeiðin eru unnin í samstarfi við fiskeldisdeild Háskólans á Hólum. Í tengslum við samstarf Sjávarútvegsskólans við svæðasamtök fiskimála í Karíbahafi var áfram unnið að undirbúningi tveggja námskeiða, um stofnmatsfræði og leiðtoga í sjávarútvegi (leadership in fisheries).

### Styrkir til framhaldsnáms á Íslandi

Sjávarútvegsskólinn hefur frá 2005 boðið fyrrum nemendum skólustykk til framhaldsnáms í þeim háskólum á Íslandi sem bjóða upp á sjávarútvegstengt framhaldsnám. Á árinu útskrifaðist fyrsti styrkþegi skólans með doktorsgráðu, en hún hafði, ásamt sex öðrum áður lokið meistaragráðu með

stuðningi skólans. Tveir nemar luku meistaranámi og tveir hófu meistaranám á árinu 2009 og einn sem áður hafði lokið meistarnámi hérlandis hóf doktorsnám. Alls stunduðu því á árinu 12 nemar framhaldsnám með stuðningi Sjávarútvegsskólans, þar voru átta í doktorsnámi. Þrjú útskrifuðust á árinu.

Tafla 1. Fjöldi nemenda sem lokið hafa sex mánaða námi, eftir upprunalandi, á þeim 6 sérsviðum sem í boði hafa verið fyrstu ellefu starfsár Sjávarútvegsskólans, 1998-2009

Land	Gæðastjórnun	Veðisjórnun	Stofnmat	Veðitekni	Rekstur	Fiskeldi	Samtals
Angóla						1	1
Argentína		1					1
Banglades	2	1			1		4
Brasilía	1						1
Kambodía		1					1
Grænhöfðæyjar	2		1	2	1		6
Kína	7	2	1		1	1	12
Kúba	5	1	3	1	3	2	15
N. Kórea	1			1			2
Eistland	1	2	2				5
Gæjana		1					1
Indland			1	1			2
Íran	3	1	1			1	6
Jamæka			1				1
Kenía	4	1	2		1	3	11
Malaví	1	1	1	3			6
Malasía	1			1	4	2	8
Máritíus	1		1	1		1	4
Mexíkó	2			2		1	5
Mósambík	5	2			2	1	10
Namibia	1	4		2			7
S. Kyrrhafs eyjar <sup>1</sup>		3	2		1		4
Rússland	1		2	1		1	5
Sierra Leone					1		1
Suður Afríka		2					2
Srí Lanka	5	2	3	2	2		14
Tansanía	2	3		1		2	8
Gambía	1		3	1	1		6
Úganda	8	3	2		1	1	15
Víetnam	9	1	4	1	1		16
<b>Samtals</b>	<b>63</b>	<b>32</b>	<b>32</b>	<b>21</b>	<b>20</b>	<b>17</b>	<b>186</b>

<sup>1</sup> Fídjí, Nárú, Samóa, Tonga, Vanúatú

**Rekstraryfirlit**

*Bráðabirgða rekstrarreikningur Hafrannsóknastofnunarinnar fyrir árið 2009 (staða samkvæmt bókhaldi 2. febrúar 2010).*

	TEKJUR	REKSTUR	LAUN	EIGNAKAUP	SAMTALS
Yfirstjórn	-20.841.516	67.599.332	58.332.257	2.277.814	107.367.887
Bókasafn	0	18.635.963	5.209.666	0	23.845.629
Rekstur húseignar	0	38.878.798	0	0	38.878.798
Sjó- og vistfræðisvið	-61.690.692	19.716.039	118.341.579	7.393.614	83.760.540
Nytjastofnasvið	-270.176.164	198.598.021	295.495.682	11.024.188	234.941.727
Veiðiráðgjafasvið	-19.734.050	7.927.206	86.537.476	1.071.821	75.802.453
Raftæknideild		2.170.596	32.464.847	6.082.779	40.718.222
Hvalarannsóknir	-28.625.158	29.175.436	28.533.226	197.923	29.281.427
	<b>-401.067.581</b>	<b>382.701.391</b>	<b>624.914.733</b>	<b>28.048.139</b>	<b>634.596.683</b>
Útibú	<b>-30.087.501</b>	<b>46.720.671</b>	<b>106.090.802</b>	<b>2.976.493</b>	<b>125.700.466</b>
Bjarni Sæmundsson RE-30	-76.837.996	133.878.338	118.813.694	28.035.200	203.889.236
Árni Friðriksson RE-200	-104.517.570	241.414.613	156.068.117	11.909.916	304.875.076
Veiðarfærarkostnaður	-70.543	103.960.636	12.118.364	10.509.393	126.517.850
Annar skiparekstur	0	72.546.013	0	0	72.546.013
	<b>-181.426.109</b>	<b>551.799.600</b>	<b>287.000.175</b>	<b>50.454.509</b>	<b>707.828.175</b>
Tilraunaeldisstöð	-28.286.872	21.939.122	37.255.190	1.537.500	32.444.940
Klakrannsóknir á þorski	0	406.630	7.021.681	0	7.428.311
	<b>-28.286.872</b>	<b>22.345.752</b>	<b>44.276.871</b>	<b>1.537.500</b>	<b>39.873.251</b>
Stofnerfðarannsóknir	0	808.810	11.012.186	0	11.820.996
ESB verkefni	<b>-84.032.226</b>	<b>21.734.373</b>	<b>11.119.873</b>	<b>56.115.705</b>	<b>4.937.724</b>
Sjárvaútvegsskóli Háskóla S.Þ.	<b>-179.046.126</b>	<b>139.839.926</b>	<b>36.650.220</b>	<b>2.894.767</b>	<b>338.787</b>
SAMTALS	<b>-903.946.414</b>	<b>1.165.950.523</b>	<b>1.121.064.860</b>	<b>142.027.113</b>	<b>1.525.096.083</b>



Viðaukar um starfsemi ársins 2009

## **Stjórn og starfsmenn**

### STJÓRN

Friðrik Már Baldursson, formaður  
Árni Bjarnason  
Friðrik J. Arngrímsson  
Gunnþór Ingvason  
Höskuldur Björnsson  
Jóhann Guðmundsson, ritari stjórnar

### YFIRSTJÓRN

Jóhann Sigurjónsson, forstjóri  
Ólafur S. Ástþórsson, aðstoðarforstjóri  
Vignir Thoroddsen, aðstoðarforstjóri

### SKRIFSTOFA

Kjartan Kjartansson, fjármál  
Sigrún Dögg Kvaran, fulltrúi forstjóra og skjalavörður

### Fulltrúar:

Sigurborg Jóhannsdóttir  
Eydís O.L. Cartwright  
Jódís L. Gunnarsdóttir (70%)

### SJÓ- OG VISTFRÆÐISVIÐ

Karl Gunnarsson, sviðsstjóri

### Sérfræðingar:

Ástþór Gíslason, Björn Gunnarsson, Guðrún Helgadóttir, Guðrún Marteinsdóttir, Hafsteinn G. Guðfinnsson, Héðinn Valdimarsson, Hildur Pétursdóttir, Jón Ólafsson, Julian Burgos, Konráð Þórisson, Kristinn Guðmundsson, Sólveig R. Ólafsdóttir, Stefán Á. Ragnarsson, Steinunn Hilma Ólafsdóttir.

### Rannsóknamenn:

Agnes Eydal, Alice Benoit Cattin Breton, Jón Ingvar Jónsson, Kristín J. Valsdóttir, Magnús Danielsen, Svanhildur Egilsdóttir (80%), Teresa Sofia Giesta da Silva

### NYTJASTOFNASVIÐ

Þorsteinn Sigurðsson, sviðsstjóri

### Sérfræðingar:

Anton Galanč, Ásgeir Gunnarsson, Björn Björnsson, Christophe S. Pampoulie, Droplaug Ólafsdóttir, Einar Jónsson, Gísli A. Víkingsson, Gróa Pétursdóttir, Guðmundur J. Óskarsson, Guðmundur Skúli Bragason, Guðrún G. Þórarinsdóttir (80%), Haraldur A. Einarsson, Hrafnkell Eiríksson, Ingibjörg G. Jónsdóttir, Jón Sólmundsson, Jónbjörn Pálsson, Kristján Kristinsson, Kristján Lilliendahl, Ólafur K. Pálsson, Sigurður Þ. Jónsson, Sveinn Sveinbjörnsson, Vilhjálmur Þorsteinsson, Þorvaldur Gunnlaugsson.

Unnur Skúladóttir vann hluta úr árinu.

### Rannsóknamenn:

Aðalbjörg Jónsdóttir, Agnar Már Sigurðsson, Auður S. Bjarnadóttir, Birkir Bárðarson, Gerður Pálsdóttir, Guðrún Finnbogadóttir (75%), Inga F. Egilsdóttir (80%), Jóhann Á Gíslason, Klara Jakobsdóttir (60%), Leifur Aðalsteinsson, Páll B. Valgeirsson, Ragnhildur Ólafsdóttir, Sif Guðmundsdóttir, Sigrún Jóhannsdóttir, Sigurlína Gunnarsdóttir, Stefán Brynjólfsson, Sverrir D. Halldórsson, Valerie Chosson.

Einar Ásgeirsson vann hlut úr árinu.

#### FISKVEIÐIRÁÐGJAFARSVIÐ

Björn Ævarr Steinarsson, sviðsstjóri

Sérfræðingar:

Árni Magnússon, Ásta Guðmundsdóttir, Einar Hjörleifsson, Guðmundur Þórðarson, Gunnar Pétursson, Höskuldur Björnsson, Sigfús A. Schopka.

Rannsóknamenn:

Gunnhildur Vigdís Bogadóttir, Margrét Thorsteinson (50%), Páll Svavarsson, Sigfús Jóhannesson, Sæunn Erlingsdóttir, Örn Guðnason (50%).

#### RAFTÆKNIDEILD

Páll Reynisson, deildarstjóri

Rafeindavirkjar:

Björn Sigurðsson, Friðrik Guðmundsson, Gissur Þorvaldsson

#### SJÁVARÚTVEGSBÓKASAFN

Helga Lilja Bergmann

#### ÚTGERÐ OG BIRGDASKEMMA

Rafn Ólafsson

Brynjólfur M. Þorsteinsson

#### TILRAUNAELDISSTÖÐ, GRINDAVÍK

Matthías Oddgeirsson stöðvarstjóri

Sérfræðingar:

Agnar Steinarsson

Amid Derayat (75%)

Rannsóknamenn:

Kristján Sigurðsson, Njáll Jónsson

#### ÚTIBÚ

*Ólafsvík*

Hlynur Pétursson, útíbússtjóri

Rannsóknamaður: Jóhannes Ragnarsson

Anna Dögg Guðnadóttir vann hluta úr árinu.

#### *Ísafjörður*

Hjalti Karlsson útíbússtjóri

Sérfræðingar:

Einar Hreinsson (50%)

Ólafur Arnar Ingólfsson

Rannsóknamenn:

Anna Ragnheiður Grétarsdóttir, Herdís Unnur Valsdóttir, Jón Ólafur Sigurðsson, Páll Arnar Þorsteinsson

Ingjerd Gauslaa Nilsen, vann hluta úr árinu

*Akureyri:*

Hlynur Ármannsson, útibússtjóri

Sérfræðingar:

Steingrímur Jónsson

Tómas Árnason

Rannsóknamaður: Tryggvi Sveinsson

*Höfn*

Reynir Njálsson útibússtjóri vann hluta úr árinu.

*Vestmannaeyjar*

Valur Bogason, útibússtjóri

Rannsóknamaður: Leifur Gunnarsson,

**SJÁVARÚTVEGSSKÓLI HÁSKÓLA SAMEINUÐU ÞJÓÐANNA**

Tumi Tómasson, forstöðumaður

Sigríður Ingvarsdóttir

Þór Heiðar Ásgeirsson

Guðni Magnús Eiríksson og Konráð Þórisson unnu hluta úr árinu.

**HÚSVERÐIR**

Agnar Harðarsson

Atli Bryngeirsson

## ÁHAFNIR RANNSÓKNASKIPA

*Bjarni Sæmundsson RE 30*

Ingvi Friðriksson, skipstjóri  
Ásmundur B. Sveinsson, yfirstýrimaður  
Guðmundur Þórðarson, stýrimaður  
Jón Marteinn Guðröðsson, stýrimaður  
Sigurður K. Sigurðsson, yfirvélstjóri  
Ólafur V. Ingimundarson, vélstjóri  
Gunnar Einarsson, vélstjóri  
Guðbjörn Jóhannsson, dagmaður  
Bjarni Sveinsson, bryti  
Elís Heiðar Ragnarsson, matsveinn  
Reynir Loftsson, matsveinn  
Þórhallur Stefánsson, bátsmaður  
Hrafnkell Steinþórsson, netamaður  
Brynjólfur Sigurðsson, netamaður  
Egon Trygesen Marcher háseti  
Jörundur Bjarnason, háseti  
Valdimar Hilmarsson, háseti

*Árni Friðriksson RE 200*

Guðmundur Bjarnason, skipstjóri  
Kristján S. Finnsson, yfirstýrimaður  
Heimir Örn Hafsteinsson, stýrimaður  
Hreggviður Hreggviðsson, stýrimaður  
Karl Einarsson, stýrimaður  
Bjarni Sveinbjörnsson, yfirvélstjóri  
Sigþór Hjartarson, vélstjóri  
Sigþór Þórsson, vélstjóri  
Reynir Baldursson, vélstjóri  
Indriði Hauksson, vélstjóri  
Guðlaugur Sigurðsson, bryti  
Sigurður R. Guðmundsson, matsveinn  
Guðbrandur Sigþórsson, bátsmaður  
Guðmundur Guðmundsson netamaður  
Hafþór Júlíusson, netamaður  
Bjarni Sveinsson háseti  
Brynjólfur Bjarnason háseti  
Friðrik Sigurðsson, háseti  
Ívar Bjarnason, háseti

## **Rannsókn- og verkáætlanir sem unnið var að árið 2009**

Verkefnisnúmer, heiti og verkefnisstjóri

### **11. JARÐFRÆÐI**

11.03 Kortlagning hafsbotsins. Guðrún Helgadóttir.

### **12. SJÓFRÆÐI**

12.07 Samfelldar hitamælingar við strendur Íslands með síritandi hitamælum. Héðinn Valdimarsson.

12.17 ThermoHaline Overturning at Risk (THOR). Nýtt verkefni. Héðinn Valdimarsson.

### **13. EFNAFRÆÐI**

13.09 Kerfisbundnar athuganir á næringarefnum á ýmsum árstímum. Sólveig Ólafsdóttir.

13.19 CARBOOCEAN. Jón Ólafsson.

13.20 Evrópsk rannsókn um súrnun sjávar (EPOCA). Jón Ólafsson.

### **14. ÞÖRUNGAR**

14.02 Árferðisrannsóknir á plöntusvifi. Kristinn Guðmundsson.

14.06 Blaðgræna o.fl. mælt með sjálfvirkum búnaði í Herjólfí. Kristinn Guðmundsson.

14.07 Samanburður á niðurstöðum mælinga á lit sjávar mældum frá gervitunglum og gróðurmagni mældu úr sjósýnum í vorleiðöngrum 1998-2001. Kristinn Guðmundsson.

14.09 Framleiðsla svifgróðurs reiknuð samkvæmt fyrirbyggjandi niðurstöðum á sjó og blaðgrænumælum frá gervihnetti. Kristinn Guðmundsson.

14.10 Afleggjarar af blóma *Emiliana huxleyi* vestur af Íslandi. Kristinn Guðmundsson.

14.11 Rannsóknir á *Emiliana huxleyi* blóma sunnan Íslands. Kristinn Guðmundsson.

14.25 Svifþörungur sem geta valdið skelfiskeitrun. Karl Gunnarsson.

14.26 Tegundir botnþörungur við Ísland. Karl Gunnarsson.

### **15. DÝRASVIF OG FISKLIRFUR**

15.01 Árstíðabreytingar smáátutegunda á hrygningarslóðinni. Nýtt verkefni. Hildur Pétursdóttir.

15.02 Áhrif umhverfisbreytinga á vöxt og viðgang dýrasvifs og möguleg áhrif á framleiðni fiskistofna. Nýtt verkefni Ástþór Gíslason.

15.09 Skammtímabreytingar í þorsklirfuflekk. Konráð Þórisson.

15.12 Langtímavöktun átu. Ástþór Gíslason.

15.14 Uppruni og rekleiðir loðnuungviðis. Nýtt verkefni Björn Gunnarsson.

15.16 Brennihvelja á Íslandsmiðum – námsverkefni. Ástþór Gíslason.

### **16. VISTFRÆÐI**

16.01 Ástand sjávar á Íslandsmiðum á ýmsum árstímum. Héðinn Valdimarsson.

16.04 Fæðuvistfræðileg tengsl dýrasvifs og fiska yfir Reykjanes hrygg (MAR-ECO). Ástþór Gíslason.

16.10 Vistfræðirannsóknir í Íslandshafi. Ólafur K. Pálsson.

16.14 Notkun ljósmyndatækni til að meta þéttleika áfánu. Stefán Á. Ragnarsson.

16.15 Áhrif veiða á vistkerfi (EFEP). Stefán Á. Ragnarsson.

16.16 Incorporating extrinsic drivers into fisheries management. Guðmundur Óskarsson.

16.20 Kortlagning búsvæða í hafinu við Ísland. Steinunn Hilma Ólafsdóttir.

